- Mjólk og kjöt	2.484	10,4
- Gripagreiðslur	4.070	17,0
- Beitargreiðslur	1.349	5,6
- Landgreiðslur	5.361	22,4
- Umhverfisverkefni	786	3,3
- Lífræn framleiðsla	147	0,6
Verðálag	5.256	21,9
- Ull	110	0,5
- Mjólk	740	3,1
- Kjöt	1.684	7,0
- Egg	5	0,0
- Grænmeti	267	1,1
- Flutningar	441	1,8
- Korn	2.010	8,4
Þróunarsjóður landbúnaðarins	2.058	8,6
Markaðsaðlögun	335	1,4
Áfallagreiðslur	96	0,4
Þróunarverkefni	319	1,3
Afleysingagreiðslur	1.679	7,0
Samtals	23.957	100,0

6.2 Svæðaskipting

Stór hluti af stuðningsaðgerðum í norska landbúnaðarkerfinu eru svæðatengdar en svæðaskiptingin er sértæk fyrir mismunandi framleiðslugreinar. Þannig eru 10 svæði fyrir álagsgreiðslur í mjólk; fimm fyrir álagsgreiðslur á kjöt; sjö fyrir landgreiðslur og því til viðbótar eru sumar greiðslur tengdar fylkjum. Nánari upplýsingar um svæðaskiptingu eru í viðauka 1¹⁰⁹ og á vefsvæði.¹¹⁰

6.3 Tollvernd

Tollvernd er mikilvægur hluti af stuðningi við og stýringu landbúnaðarframleiðslunnar. Tollverndinni er meðal annars stýrt með samanburði á heildsöluverði landbúnaðarafurða og viðmiðunarverðum sem geta bæði verið ákvörðuð í búvörusamningum eða út frá meðalverðum fyrra árs. Opinberar verðlagsáskvarðanir gilda á heildsölustigi fyrir eftirfarandi vöruflokka:¹¹¹

- korn: hveiti (til matar), rúg (til matar), bygg (til fódurs), hafra (til fódurs)
- kjöt (svínakjöt, nautakjöt, lambakjöt)
- mjólk
- egg

¹⁰⁸ Huus.

¹⁰⁹ Huus.

¹¹⁰ Kilden, „Sonegrense for distriktstilskudd“.

¹¹¹ Huus, „Avtaleguiden 22-23“.

- kartöflur
- epli
- grænmeti: lauk, blaðlauk, hvítkál, rósakál, blómkál, gulrætur, sellerírót, ísbergsallat, gúrkur og tómata.

Samtök bænda skuldbinda sig til að beita framleiðslutakmörkunum eða verðskráningu og hafa til þess sérstaka undanþágu frá samkeppnislögum. Fari heildsöluverð yfir ákvarðað verð í meir en tvær vikur í senn geta stjórnvöld gripið til tollalækkana eða opunar tollkvóta fyrir innflutning. Sé meðalheildsöluverð tiltekins árs hærra en ákvarðað verð, kemur það til lækkunar á viðmiðunarverði næsta árs.

Þessu til viðbótar er reiknað viðmiðunarverð fyrir kjúkling, ýmsar tegundir matkorns og fjölda hráefna til kjarnfóðurframleiðslu. Viðmiðunarverð er sett út frá meðalheildsöluverði undangengins árs. Fari heildsöluverð þessara afurða meir en 25% yfir viðmiðunarverð í meir en tvær vikur í senn leiðir það einnig til opunar á innflutning.

6.4 Framleiðslustuðningur – beinar greiðslur

Beinn framleiðslustuðningur er að mestu í formi gripa- eða einingagreiðslna. Um er að ræða umfangsmikið kerfi, þar sem greiðslur eru misháar, bæði eftir bústærð og svæðum. Hér verður einungis gefið yfirlit yfir valin stuðningskerfi, en að öðru leyti vísast til áður getinna heimilda.

Gripagreiðslur eru greiddar á mjólkurkúr, holdakúr, aðra nautgripi, annað sauðfé, kynbótasvín og sláturgrísi. Tafla 11 sýnir upphæðir 2023/2024 fyrir nautgripi, sauðfé og svín til kjötframleiðslu.

Tafla 11 - Upphæðir í Noregi 2023 fyrir nautgripi, sauðfé og svín til kjötframleiðslu.¹¹²

Búfjártegund	Bústærð og svæði	ISK/dýr
Mjólkurkúr	1-14	81.170
	15-30	59.810
	31-50	40.366
	51+	30.125
Holdakúr	1-50	70.357
	50+	17.689
Aðrir fullorðnir nautgripir		15.933
Sauðfé	1-75	25.071
	76-150	19.086
	151+	2.780
Kynbótasvín	Jæren: 1-35	4.655
	Nordland, Troms og Finnmark: 1-35	10.321
	Önnur svæði	6.623
Sláturgrísir	Jæren: 1-1400	133
	Önnur svæði	186
Varphænur	Nordland, Troms og Finnmark: 1-1000	333
	Önnur svæði: 1-1000	146
	Öll svæði: 1001-7500	146

¹¹² Regjeringen, „Jordbruksavtale 2023-2024“.

Einnig eru greiddar gripagreiðslur fyrir mjólkuræur og -geitur, hjartardýr, önnur kynbótadýr af anda-, kalkúna- og gæsastofnum, og býflugnabú. Álag á gripagreiðslur er greitt til minni kúabúa, upp að 23 kúm.

Búsgreiðslur eru greiddar til mjólkurframleiðenda og framleiðenda nautakjöts. Þessar greiðslur fara bæði eftir bússtærð og svæðum en eru á bilinu 3,1-4,0 millj. ISK á bú.

Sérstakar gripagreiðslur eru greiddar fyrir gömul/sérstæð búfjáarkyn: 50.000 ISK fyrir fullorðna nautgripi og 4.120 ISK fyrir fullorðnar ær (einnig eru greiðslur fyrir mjólkurgeitur og hesta af tilteknum kynjum).

Greiðslur fyrir dýr á beit í minnst 5 vikur eru 800 ISK/dýr fyrir sauðfé/geitur og 7.000 ISK/dýr fyrir nautgripi, hirti og hesta. Álag er greitt ef um er að ræða það sem á norsku kallast „utmark“.

Landgreiðslur og menningarlandslagsgreiðslur eru greiddar út á flatarmál styrkhæfs lands og fara eftir því hvað er ræktað á landinu og eru einnig breytilegar eftir svæðum. Sem dæmi má nefna að greiðslur fyrir almenna gróffóðurrækt eru á bilinu 6.650-62.000 ISK/ha á þeim sjö skilgreindu svæðum sem liggja til grundvallar þessari svæðaskiptingu. Sambærilegar greiðslur fyrir kornrækt eru á bilinu 41.000-56.000 ISK/ha. Einnig er hægt að fá landsstuðning fyrir ræktun á kartöflum, grænmeti, ávöxtum og berjum.

Stuðningur fyrir lífrænan landbúnað er ekki svæðaskiptur en er greiddur út á fjölda gripa og ræktað land.

6.5 Verðálag

Um er að ræða svæðisbundnar álagsgreiðslur á mjólk, kjöt, egg, grænmeti, ber, ávexti og kartöflur, ásamt flutningsstuðningi fyrir sláturgripi, korn, egg og kjarnfóður. Einnig er norskt mat- og fóðorkorn niðurgreitt (og tímabundnar niðurgreiðslur á innflutt fóðorkorn). Tafla 12 sýnir álagsgreiðslur fyrir mjólk og kjöt.

Tafla 12 - Álagsgreiðslur fyrir mjólk og kjöt í norsku stuðningskerfi.¹¹³

Mjólk ISK/l		Kjöt ISK/kg		
Svæði A	-	Grunnálag lambakjöt	50,7	
Svæði B	2,00	Grunnálag geitakjöt	68,5	
Svæði C	5,05	Svæði 1	-	
Svæði D	7,98	Svæði 2	69,8	Nautakjöt, lambakjöt, geitakjöt
Svæði E	8,91	Svæði 3	107,1	Nautakjöt, lambakjöt, geitakjöt
Svæði F	10,11	Svæði 4	170,2	Nautakjöt, geitakjöt
Svæði G	26,20	Svæði 4	198,2	Lambakjöt
Svæði H	17,02	Svæði 4	74,4	Svínakjöt
Svæði I	24,74	Svæði 4	86,5	Svínakjöt (Troms)
Svæði J	25,94	Svæði 5	178,2	Nautakjöt, geitakjöt
		Svæði 5	204,8	Lambakjöt
		Svæði 5	86,5	Svínakjöt

¹¹³ Huus, „Avtaleguiden 22-23“.

6.6 Þróunarsjóður landbúnaðarins

Þróunarsjóður landbúnaðarins veitir stuðning til fjölþættra (en fyrirfram skilgreindra) fjárfestinga og verkefna. Umfang sjóðsins er um 2,3 mio. NOK eða 30 milljarðar ISK.

Bændur geta sótt um stuðning til fjölþættra fjárfestinga en um er að ræða samkeppnissjóð sem vinnur eftir skilgreindri forgangsróðun. Dæmi um viðfangsefni sem njóta forgangs eru fjárfestingar sem stuðla að aukinni matvælaframleiðslu; fjárfestingar á litlum og meðalstórum búum, fjárfestingar sem stuðla að bættri dýravelferð og fjárfestingar sem miða að aðlögun að regluverki ESB. Hámarksstyrkhluftall er 40% af viðurkenndum kostnaði, þó ekki meir en 3,5 millj. NOK.

Einnig er hægt að sækja um stuðning til loftslagsaðgerða, lífgasframleiðslu, framræslu, rannsóknaverkefna, skógræktar og ýmissa umhverfisverkefna.

6.7 Markaðsaðlögun

Markaðsaðlögun er stjórnæki sem beitt er í mikilvægustu framleiðslugreinunum til að takast á við tímabundna offramleiðslu og aðlögun í bæði svæðisbundnum og árstíðabundnum sveiflum milli framleiðslu og eftirspurn (neyslu). Aðstæður geta komið upp þar sem þörf er á viðtækari aðgerðum í þeim tilfellum þar sem offramleiðsla á sér stað, til að aðlaga framleiðslumagn vöru að sölumöguleikum hennar til þess að ná fram þeim verðum sem samið var um.

Markaðsaðlögunin er fjármögnuð með sérstöku gjaldi sem lagt er á viðkomandi afurðir og það eru stærstu afurðastöðvarnar sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar (Tine fyrir mjólk, Nortura fyrir kjöt og egg og Fælleskjøbet Agri SA fyrir korn), nema fyrir epli og kartöflur þar sem samstarfsvettvangur framleiðenda sér um framkvæmdina.

Mögulegar aðgerðir til markaðsaðlögunar eru meðal annars:

- Álagsgreiðslur eða frádrættir á afurðaverð
- Uppkaup og sala á mjólkurkvóta (einungis innan svæða)
- Markaðsaðgerðir í grænmetisgeiranum
- Styrkur til fullnýtingar á kartöflum sem ekki nýtast til matar

6.7.1 Áfallagreiðslur

Hægt er að sækja bætur vegna uppskerubrests og vegna áfalla við hunangsframleiðslu, skv. tilteknum töxtum. Bændur bera sjálfir fyrstu 30% tjónsins.

6.8 Þróunaraðgerðir og afleysingaþjónusta

Hér er um að ræða stuðning til kynbótastarfs, ferðakostnaðar dýralækna, fræræktar og ráðgjafarþjónustu. Stuðningurinn er greiddur til tiltekinna þjónustuaðila á grundvelli umsókna. Einnig er veittur stuðningur til afleysingaþjónustu, bæði til að gera bændum kleift að komast í fri og veikindaleyfi. Stuðningurinn byggir á umsóknum á grundvelli raunverulegra útgjalda og er tengdur bústærð.

6.9 Samantekt um norska stuðningskerfið

Stuðningskerfi landbúnaðarins í Noregi er umfangsmikið og margþætt og ber með sér að hafa verið þróað yfir langan tíma. Þrjú veigamikil atriði skilja norska fyrirkomulagið frá stuðningskerfum ESB og Bretlands:

Í fyrsta lagi grundvallast útreikningur á heildarstuðningi á pólitísku samkomulagi um að það sé hlutverk ríkisins að tryggja bændum sambærileg kjör og aðrar stéttir hafa og bæta tímabundin áföll, þar með talið verðhækkningar á aðföngum. Þótt sambærilega viðleitni megi vissulega finna í markmiðslýsingum annarra landa þá eru gögn um afkomu búa ekki notuð sem grundvöllur stuðningsupphæða, með viðlíka

hætti og í Noregi. Til viðbótar er umtalsverðum hluta landbúnaðarstuðningsins (um það bil 7% af heildarstuðningi) varið til að tryggja bændum afleysingu vegna fría og veikinda.

Í öðru lagi hefur Noregur byggt upp víðtæka greiningu á þróun afurðaverðs og fest í samninga fyrir stærstu búgreinarnar, tiltekin hámarksverð sem notuð eru til að handstýra tollvernd í fjölmörgum vöruflokkum. Þannig er vöruverði innanlands haldið uppi, en um leið er verðhækkunum á markaði mikil takmörk sett.

Í þriðja lagi beitir landbúnaðarkerfið víðtækum markaðsinngrípum sem hafa það beinlínis að markmiði að halda afurðaverði uppi, ásamt umfangsmiklum framleiðslutengdum stuðningi og álagsgreiðslum á afurðaverð. Innan ESB er framleiðslutengdum stuðningi mikil takmörk sett og þótt markaðsinngríp þekkest þá eru þau fátíð og takmörkuð.

Ekki er annað að sjá en að landbúnaðarkerfið stuðli að uppfyllingu mikilvægustu markmiða landbúnaðarstefnunnar, nefnilega að tryggja innlenda matvælaframleiðslu og dreifða byggð um allt land. Hins vegar má einnig benda á að bæði Finnlandi og Austurríki hefur tekist að ná sambærilegum markmiðum án tollverndar, markaðsafskipta eða verulegs framleiðslutengds stuðnings.

7 Bretland

Bretland er mikið landbúnaðarríki og nær 70% af öllu landi, eða 17 millj. ha. flokkast sem landbúnaðarland.¹¹⁴ Af þessum 17 millj. ha. er akurlendi um þriðjungur og ýmiskonar graslendi og beitiland tæplega tveir þriðju. Landbúnaðurinn byggir því mikið á grasbitum, með tæplega 10 millj. nautgripa og 16 millj. vetrarfóðraðra áa.

Fjöldi búrekstrareininga er um 190.000 en helmingur þeirra telur minna en 20 ha á meðan þrír fjórðu landbúnaðarlandsins tilheyri stærstu 25% búanna. Mikill munur er á umfangi landbúnaðar í bresku ríkjunum fjórum, eins og sjá má á töflu 13. England er langstærst, svo Skotland en Wales og N-Írland telja hvort um sig um eða innan við 10% af heildarlandbúnaðarlandi Bretlands.

Tafla 13 - Fjöldi bóa og heildarlandbúnaðarland í Englandi, Skotlandi, Wales og N-Írlandi.¹¹⁵

Ríki	Undir 20ha		20-50 ha	50-100 ha			Yfir 100 ha		Samtals	
	Fjöldi bóa (þús)	Fjöldi ha (þús)	Fjöldi bóa (þús)	Fjöldi ha (þús)	Fjöldi bóa (þús)	Fjöldi ha (þús)	Fjöldi bóa (þús)	Fjöldi ha (þús)	Fjöldi bóa (þús)	Fjöldi ha (þús)
England	41	336	21	709	18	1.256	25	6.797	104	9.098
Wales	21	120	6	214	5	363	5	1.069	37	1.766
Skotland	7	58	4	124	4	270	8	4.561	23	5.013
N-Írland	11	113	8	267	4	286	2	370	26	1.036

Umræða um fæðuöryggi er fyrirferðarmikil í Bretlandi, ekki síst eftir Brexit, og eitt af því sem skiptir máli fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar er hversu mikið af þeim matvælum sem neytt er, er framleitt innanlands.¹¹⁶ Bretar eru sjálfum sér nægir um nálægt 60% allra þeirra matvæla sem þeir neyta og mikið er lagt upp úr að það hlutfall haldist þrátt fyrir þær breytingar sem útganga Bretlands úr ESB hafa í för með sér. Þetta hlutfall var 78% fyrir 50 árum síðan, en lækkunin er að miklu leyti rakin til

¹¹⁴ Department for Environment Food and Rural Affairs, „National statistics Chapter 2: Structure of industry“.

¹¹⁵ Department for Environment Food and Rural Affairs.

¹¹⁶ Aðrar víddir fæðuöryggis eru t.d. alþjóðlegt matvælaframboð, áfallaþol virðisdeðja, möguleikar fjölskyldna og heimila á að nálgast nægan mat og matvælaöryggi.

neyslubreytinga almennings hvað varðar eftirspurn eftir matvælum sem ekki er hægt að framleiða í Bretlandi, a.m.k. allan ársins hring.

Bretland er að mestu sjálfbært um kornframleiðslu og framleiðir yfir 100% af innlendri neyslu hafra, byggs og yfir 90% af hveiti.

Í kjöti, mjólk og eggjum framleiðir Bretland u.þ.b. samsvarandi magn og þess sem neytt er. Nokkur útflutningur er á kjúklingakjöti og ódýrari hlutum nauta- og lambakjöts. Svínakjötsframleiðsla svarar hins vegar einungis til tæplega 70% af innanlandsneyslu. Mjólkur- og eggjaframleiðsla er á pari við innanlandsneyslu.

Samsetning kjötframleiðslunnar er þannig að um helmingurinn er kjúklingakjöt á meðan svína- og nautakjöt nema um fjórðungi. Lambakjötsframleiðsla nemur 7% af heildarkjötframleiðslunni.¹¹⁷

Bretland framleiðir umtalsvert hlutfall af öðrum matvælum, þar á meðal um 60% af sykkurrófum, 70% af kartöflum og 80% olíufræja. Þá framleiða Bretar yfir 50% af því grænmeti sem neytt er innanlands, en aðeins 16% af ávöxtum.

Í nýlegri skýrslu helgaðri fæðuöryggi í Bretlandi er dregin sú ályktun að stærsta ógnin við innlenda matvælaframleiðslu sé loftlagsbreytingar og álag á náttúrulegt umhverfi s.s. jarðvegseyðing, vatnsgæði og á líffræðilegan fjölbreytileika.¹¹⁸ Þessi niðurstaða er ein af ástæðunum fyrir því hversu stóran sess umhverfisvernd skipar í nýrri landbúnaðarstefnu Bretlands.

7.1 Stuðningskerfi

Við útgöngu Bretlands úr ESB sköpuðust möguleikar á að umbreyta stuðningskerfi landbúnaðarins og hanna nýtt kerfi frá grunni. Lengi hafði verið ljóst að landgreiðslur CAP hentuðu Bretland illa og mikið af ríkisstuðningi endaði hjá efnum landeigendum (m.a. bresku konungsfjölskyldunni). Því var lagt upp með þá grundvallarhugmynd að ríkisstuðningur skyldi tengdur aðgerðum sem stuðluðu að umhverfisvænni búskaparháttum eða endurheimt vist- og landgæða („*public money for public goods*“).¹¹⁹

7.1.1 Umhverfisstuðningur

Meginstoðin í þessu nýja kerfi er það sem mætti kalla umhverfisvæn landnotkun (*Environmental Land Management Scheme*) og samanstendur af þremur stoðum:

1. Sjálfbær landbúnaður (*Sustainable Farming Incentive*)
Hér geta bændur fengið greiddan stuðning til búskaparháttanna/aðgerða sem ganga lengra en lögbundnar kröfur gera ráð fyrir til að stuðla að verndun villtra dýra, nýta vatn á skilvirkan hátt, rækta og viðhalda skjólbeltum og viðhalda og bæta ræktarland og graslendi, en halda áfram að nýta land sitt til framleiðslu.
2. Endurheimt náttúrugæða (*Local Nature Recovery Programme*)
Þessu kerfi er ætlað að styrkja aðgerðir sem styðja náttúrulega endurheimt náttúrugæða, s.s. að endurheimta náttúruleg búsvæði, mó- eða votlendissvæði og skjólbelti. Það mun hvetja til samstarfs milli landeigenda, enda oft um að ræða verkefni sem krefjast samvinnu.

¹¹⁷ Department for Environment Food and Rural Affairs, „National statistics Chapter 8: Livestock“.

¹¹⁸ Department for Environment Food and Rural Affairs, „Official Statistics United Kingdom Food Security Report 2021: Theme 2: UK Food Supply Sources“.

¹¹⁹ Eftir útgöngu Bretlands úr ESB var tekin ákvörðun um að landbúnaðarstuðningur skyldi vera á ábyrgð einstakra ríkjaluta (Englands, Wales, Skotland, N-Írland). Hér verður fyrst og fremst fjallað um England.

3. Endurheimt landslags (*Landscape Recovery Scheme*)
Þessi áætlun mun styðja við langtíma breytingar á landnotkun, s.s. stórfellda gróðursetningu trjáa og endurheimt mýrlendis (sem myndi fela í sér umtalsverða skerðingu eða algjöra stöðvun búskapar á viðkomandi landi). Opið verður fyrir verkefni fyrir landsvæði á bilinu 500 til 5000 hektara, með tillögum frá einstaklingum eða hópum.

Þegar þetta er skrifað eru þessi þrjú kerfi ekki fullmótuð og mikið af umhverfisstuðningi er beint í gegnum kerfi sem kallast „Countryside Stewardship“, sem mun fasast út fram til ársins 2028. Greiðslukerfi fyrir „Sjálfbæran landbúnað“ er komið lengst og tafla 14 sýnir hvað bændur gátu fengið greitt fyrir árið 2023.

Tafla 14 – Yfirlit yfir greiðslukerfi fyrir sjálfbæran landbúnað í Bretlandi

Sustainable Farming Incentive	Árlegur stuðningur (ISK)	
Aðgerðir fyrir jarðveg		
Meta jarðveg, jarðvegsmælingar og áætlanagerð	1.018	á ha
Haustsáning með fræblöndu (fleiri en ein plöntutegund)	22.640	á ha
Fjölær blandaður gróður	67.041	á ha
Aðgerðir fyrir mýrlendi		
Meta mýrlendi og skrifa ástandsskýrslu	1.808	á ha
Aðgerðir fyrir skjólbelti		
Meta og skrá ástand skjólbelta	527	pr. 100 m öðru megin
Viðhalda skjólbeltum	1.755	pr. 100 m öðru megin
Viðhalda og planta trjám í skjólbelti	1.755	pr. 100 m báðum megin
Aðgerðir fyrir alhliða plöntuvarnir		
Útbúa aðgerðaáætlun fyrir alhliðaplöntuvarnir	173.570	á ári
Blómlendi innan eða meðfram túnum/ökrum	118.112	á ári
Skjólsáð á akurlendi / grænmetisökrum	9.653	á ha
Engin notkun skordýraeiturs á ökrum eða túnum	7.898	á ha
Aðgerðir fyrir meðhöndlun plöntunæringarefna		
Meta meðhöndlun plöntunæringarefna og skrifa ástandsskýrslu	103.370	á ári
Ísáning belgjurta eða ræktun belgjurtablöndu	17.901	á ha
Belgurtir til blóma	104.072	á ha
Aðgerðir fyrir náttúruvernd á ökrum		
Ræktun blóma í tengslum við akurrækt	107.757	á ha
Ræktun plantna sem henta sem vetrarfóður fyrir fugla	128.466	á ha
Óslegin svæði í eða umhverfis akra	103.545	á ha
Aðgerðir fyrir náttúruvernd á graslandi		
Óslegin svæði í eða umhverfis akra	58.442	á ha
Ræktun plantna sem henta sem vetrarfóður fyrir fugla	83.187	á ha

Aðgerðir fyrir varnarstrípur (buffer strips)		
4-12 m strípur á akurlendi og grænmetisökum	79.151	á ha
4-12 m strípur á graslendi / túnum	41.243	á ha
Aðgerðir fyrir umfangsmikið graslendi		
Umfangsmikil ræktun (sjá heimild fyrir skilgr.)	26.501	á ha

Þetta er þó einungis lítill hluti af öllum þeim möguleikum sem bændur eiga kost á að fá greitt fyrir í „*Countryside Stewardship*“ kerfinu og því ljóst að stuðningsmöguleikunum undir *sjálfbærum búskaparháttum*“ fjölga ásamt því að aðrar stuðningsaðgerðir verða færðar undan *Countryside Stewardship* og yfir í *endurheimt landgæða* og *endurheimt landslags*.

Þótt *Countryside Stewardship* sé ekki hugsað til frambúðar þá er ástæða til að líta ögn á hvað það felur í sér, enda er líklegt að flest þau markmið og stuðningsaðgerðir sem þar er að finna muni verða færð yfir í ný kerfi.

Countryside Stewardship (CS) er opið öllum bændum, skógareigendum og öðrum umráðamönnum lands og er að hluta byggt upp sem samkeppnissjóður en að hluta sem stuðningskerfi. Markmiðið er að skapa umráðamönnum lands fjárhagslegan hvata til landbóta og umhverfisverndar, með sérstakri áherslu á að:

- Auka líffræðilegan fjölbreytileika
- Bæta búsvæði (dýra og plantna)
- Auka skóglendi
- Bæta vatnsgæði
- Bæta loftgæði
- Stuðla að náttúrulegum flóðavörnum

Greiðslur byggja á umsóknum frá bændum. Um stærri verkefni eru útbúnir samningar milli bænda og ríkis, sem geta verið allt frá þremur til tuttugu ára. Verkefnum er skipt í þrjú stærðarflokka: Stór, meðalstór og lítil verkefni.

Stór verkefni eru umfangsmikil og eru sértæk fyrir hvert svæði eða verkefni. Oftast er um að ræða verkefni sem vara í fimm, 10 eða 20 ár og þau geta bæði falið í sér árlegar greiðslur og fjárfestingu. Stuðningurinn er fyrst og fremst ætlaður fyrir svæði sem eru mikilvæg frá umhverfislegu sjónarmiði og þar sem þörf er á margþættum aðgerðum yfir lengri tíma. Þetta geta verið almenningar, skógarsvæði, votlendi eða önnur svæði sem oft eru nýtt af fleiri aðilum. Dæmi um viðfangsefni eru:

- Endurheimt, uppsetning eða viðhald fjölbreyttra búsvæða á við graslenda, mólenda, votlenda, strandsvæða, kjarlenda o.s.frv.
- Verndun tegunda (dýra eða plantna) sem eiga undir högg að sækja
- Viðhald hlaðinna garða, girðinga og hliða
- Bæta vatnsgæði og draga úr flóðahættu
- Auka umfang lífrænnar ræktunnar
- Bæta loftgæði
- Stuðla að (endur)menntun

Miðlungsstór verkefni eru einnig verkefni til fleiri ára sem fela í sér almennar umhverfisbætur. Hér er hægt að fá árlegan stuðning til aðgerða í fimm ár í senn eða tveggja ára fjárfestingarstuðning. Stuðninginn má nota til að:

- Bæta búsvæði fyrir villtar plöntur og dýr

- Stuðning til að endurheimta lykilvistkerfi
- Draga úr flóðahættu
- Viðhalda sérstökum landslagseiningum
- Draga úr vatns- og loftmengun
- Bæta aðgengi búfjár að drykkjarvatni og fóðri
- Bæta landbúnaðarland og landbúnaðarbyggingar

Lítill verkefni (wildlife offers) eru einfaldasta og fljótlegasta leiðin til að fá stuðning úr *Countryside Stewardship* kerfinu. Þetta er ekki samkeppnissjóður heldur er greidd föst upphæð fyrir tilteknar umhverfis- eða landbætur. Þetta geta til dæmis verið bætt búsvæði, t.d. fyrir fugla eða býflugur, eða vetrarfóður fyrir fugla.

Fjárfestingarstuðningur: Hægt er að sækja um fjárfestingarstuðning til skammtímaverkefna (oftast 1-3 ár) og getur hann bæði verið á samkeppnisgrundvelli eða ekki¹²⁰. Helstu verkefnaflokkar eru:

- Skjólbelti, gerði og trjáaldingarðar
- Vatnsgæði
- Loftgæði
- Náttúrulegar flóðavarnir

Í viðauka 2 er sundurliðað yfirlit (á ensku) yfir styrkhæfar aðgerðir og stuðningsupphæðir fyrir árið 2023. Til viðbótar við þessar aðgerðir er boðið upp á viðbótarstyrki til sérstakra aðgerða, sem þá bætast við grunngreiðslur. Viðauki 2 inniheldur einnig yfirlit yfir þær aðgerðir sem eru í boði.

Til viðbótar við þessi styrkjakerfi inniheldur *Countryside Stewardship* kerfið þrjá minni sjóði sem styðja við:

- Varnir og innviði – sérstaklega ætlað viðhaldi skóglenda og vörnum gegn ágangi bjóra
- Stuðningur við gerð skógræktaráætlana – eingreiðsla til vinnu við 10 ára skógræktaráætlun
- Heilbrigði skóglenda – sem veitir stuðning til að fyrirbyggja og/eða bæta skaða sem hefur orðið á skóglendum, t.d. vegna ágangs villtra dýra

Eins og sjá má af þessu yfirliti er *Countryside Stewardship* kerfið umfangsmikið og margþætt og inniheldur mikinn fjölda styrkjamöguleika, sem geta verið eingreiðslur, endurgreiðslur á útlögðum kostnaði eða fastar árlegar greiðslur til mismargra ára. Sumir aðgerðaflokkar eru samkeppnissjóðir – aðrir ekki; suma má samþætta á sama landsvæði – aðra ekki. Ljóst má vera að kerfið mun verða einfaldað eitthvað á næstu árum, svo það verði auðveldara fyrir landeigendur að velja þær styrkhæfu aðgerðir sem henta best fyrir hvert svæði.

7.2 Fjárfestingarstuðningur

Fjárfestingarsjóður landbúnaðarins (Farming Investment Fund) er opinn bændum, skógareigendum og landbúnaðarverktökum¹²¹. Sjóðurinn er enn sem komið er einungis fyrir England. Markmið hans er að styðja við fjárfestingar í búnaði, tækni og innviðum til að auka framleiðni, bæta heilbrigði og velferð dýra og stuðla að umhverfisvænni búskaparháttum.

Fjárfestingarsjóður landbúnaðarins er í raun tveir sjóðir, þar sem annar styður við fjárfestingar í búnaði og tækni og veitir styrki á bilinu 1.000-25.000 £ (u.þ.b. 170.000-4.400.000 ISK), og hinn styður við umfangsmeiri fjárfestingar með styrkjum á bilinu 25.000-500.000 £ (u.þ.b. 4,4-90 millj. ISK).

¹²⁰ Rural Payments Agency, „Applicant’s guide: Higher Tier Capital Grants 2024“.

¹²¹ Rural Payments Agency, „Guidance Farming Investment Fund“.

Stuðningur við tækjabúnað byggir á kerfi þar sem bændur geta einungis fengið stuðning vegna tiltekins búnaðar og styrklutfall er breytilegt eftir því um hvaða tæki er að ræða. Megináhersla er á tækni sem lýtur að mykjumeðhöndlun og velferð dýra, en eins og sjá má á yfirliti í viðauka 2 er af miklu að taka.

Stuðningur við fjárfestingar í innviðum eru ekki fyrirfram skilgreindar með sama hætti heldur er hægt að sækja um stuðning til tiltekinna fjárfestinga innan ákveðinna áherslusviða. Þessi áherslusvið eru:

- Framleiðniaukning
 - sjálfvirkni fyrir búfjárframleiðslu eða akurrækt
 - LED lýsing fyrir gróðurhús
 - sjálfvirk loftræstikerfi
 - sólarrafhlöður
- Mykjumeðhöndlun
- Aðstaða fyrir kálfa
- Vatnsstjórnun
- Virðisauki

Þannig er ekki um að ræða almennan fjárfestingarstuðning til nýrra bygginga eða véla, heldur þarf að vera bein tenging við ofangreind áherslusvið. Til dæmis væri hægt að fá stuðning til sjálfvirkar mjaltatækni, til bygginga og tækni fyrir heimavinnslu matvæla; fyrir sjálfvirkar dráttarvélar og svo framvegis. Stuðningsupphæðir og hlutföll fara eftir fjárfestingarverkefnum en eru oft 40% af styrkhæfum kostnaði.

7.3 Aðrir styrkmöguleikar

Þessi samantekt á mögulegum styrkjum fyrir landeigendur í Englandi er ekki tæmandi og þar sem enn er unnið að umfangsmiklum breytingum á stuðningskerfi landbúnaðarins er líklegt að á næstu árum muni sumar stuðningsleiðir verða aflagðar og aðrar innleiddar.

Sem lið í þessum breytingum var fram til ársins 2022 boðið upp á eingreiðslu til bænda sem vildu hætta búskap, en einungis 3% greiðslumarkshafa sóttu um þessar greiðslur og ekki er reiknað með að allir muni standa við skilyrði um jarðasölu innan tímafrests.¹²²

Nýliðagreiðslur hafa enn ekki verið innleiddar, en verið er að prufukeyra nýtt kerfi sem byggir á handleiðslu sem svipar til frumkvöðlastuðnings í öðrum greinum.¹²³ Kerfið er bæði ætlað einstaklingum með reynslu af búskap, sem ekki eiga land eða búrekstur og einstaklingum sem hafa verið 4-10 ár í rekstri og hafa áhuga á að auka framleiðslu sína. Hugmyndin er að með þessu móti megi aðstoða nýliða við áætlanagerð og þróa ný viðskiptamódel í stað þess að framlengja búskaparhætti sem eru ekki lengur arðbærir.

7.4 Skotland

Eins og getið var við upphaf þessa kafla verður landbúnaðarstuðningur í Bretlandi á forsvari einstakra ríkjahluta. Hér hefur að mestu verið fjallað um hvernig kerfið í England lítur út og mun þróast, en hin ríkin eru komin mun styttra á leið með að þróa eigin stuðningskerfi í stað þess kerfis sem þau höfðu innan ESB.

Í Skotlandi hafa verið mótaðir ákveðnir megindrættir fyrir nýtt stuðningskerfi.¹²⁴ Markmið þess byggja á framtíðarsýn Skotlands um landbúnaðarmál¹²⁵ (Vision of Agriculture) og eru:

¹²² Davies, „Farmers’ lump-sum exit scheme application figures released“.

¹²³ Department for Environment Food and Rural Affairs, „New Entrant Support Scheme: apply for the pilot“.

¹²⁴ Scottish Parliament, Agriculture and Rural Communities (Scotland) Bill: Policy Memorandum.

¹²⁵ Scottish Government, „Sustainable and regenerative farming - next steps: statement“.

- Sjálfbærir búskaparhættir og landbúnaðarframleiðsla
- Framleiðsla hágæðamatvæla
- Endurheimt náttúrulegra vistkerfa samhliða landbúnaðarframleiðslu, vinna gegn loftslagsbreytingum og aðlaga framleiðsluna að þeim
- Stuðla að lífvænlegum dreifbýlissamfélögum

Eins og þessi markmið bera með sér er um að ræða heildstæða dreifbýlisstefnu þar sem tvinnad er saman landbúnaði og matvælum, skógrækt, þjónustu við vistkerfi og lifandi landsbyggð.

Útlínur kerfisins byggja að töluverðu leyti á kerfi ESB með bæði beinar greiðslur og greiðslur sem byggja á umsóknum, en er sett fram á grundvelli fjögurra skilgreindra stoða¹²⁶:

1. Stoð 1: Grunn beingreiðsla - almenn greiðsla til að stunda landbúnaðarstarfsemi jafnframt því að uppfylla lágmarks framleiðslustaðla um umhverfisvernd, heilbrigði og velferð dýra og réttindi starfsfólks.
2. Stoð 2: Aukin beingreiðsla - greiðsla sem er almennt aðgengileg og kemur til viðbótar grunnreiðslunni, fyrir búskaparhætti og aðgerðir sem stuðla að náttúru- og loftslagsumbótum þ.m.t. víðtækari landstjórnun.
3. Stoð 3: Valkvæð greiðsla - styrkir úr sjóðum (samkeppnis eða ekki) fyrir sérstakar aðgerðir sem stuðla að úrbótum í loftslagsmálum eða sem falla að skilgreindum stefnumörkunum stjórnvalda.
4. Stoð 4: Viðbótarstuðningur - stuðningur við endurmenntun, ráðgjöf, þróun og þekkingarskipti og tengingar við víðtækari stuðning og ráðgjöf opinberra aðila.

Stoðir 1 og 2 yrðu tengdar saman undir það sem mætti kalla beingreiðslukerfi en stoðir 3 og 4 myndu byggja á verkefnaumsóknum. Ekki er fullmótað hvaða kröfur bændur þurfa að uppfylla til að fá grunnstuðning úr Stoð 1 en þar verður stuðst við núverandi lágmarkskröfur um stuðning úr landbúnaðarkerfi ESB (sjá Annex II í reglugerð 1306/2013).¹²⁷

Stærsti munurinn á því kerfi sem Skotland er að móta og því sem England er langt komið með að innleiða, er að í Skotlandi munu nánast allir bændur geta fengið grunnstuðning úr Stoð 1, að því gefnu að þeir uppfylli tiltölulega almennar gæðastýringarkröfur. Í Englandi er hins vegar enginn grunnstuðningur – allar greiðslur byggja á aðgerðum. Einnig er ljóst að í Skotlandi vegur almennur dreifbýlisstuðningur þyngra en í Englandi.

7.5 Megindrættir í nýjum landbúnaðarkerfum í Englandi og Skotlandi

Við útgöngu Bretlands úr ESB opnuðust einstakir möguleikar á að móta nýtt stuðningskerfi fyrir landbúnaðinn í Englandi, Wales, Skotlandi og N-Írlandi. England er það ríki sem er lengst komið með að móta nýtt stuðningskerfi en ýmislegt bendir til að sú nálgun sem Skotland hefur valið falli betur að aðstæðum á Íslandi.

Bæði í Englandi og Skotlandi verður beinn framleiðslutengdur stuðningur mjög takmarkaður og bundinn við afmarkaðar búgreinar (í Skotlandi er t.d. lagt upp með sérstakan stuðning til nautakjötsframleiðslu).¹²⁸ Hugmyndin er að landbúnaðarframleiðslan eigi að mestu að vera á

¹²⁶ Scottish Parliament, Agriculture and Rural Communities (Scotland) Bill: Explanatory Notes.

¹²⁷ European Union, Regulation (EU) No 1306/2013 of the European Parliament and of the Council of 17 December 2013 on the financing, management and monitoring of the common agricultural policy and repealing Council Regulations (EEC) No 352/78, (EC) No 165/94, (EC) No 2799/98, (EC) No 814/2000, (EC) No 1290/2005 and (EC) No 485/2008.

¹²⁸ Scottish Government, „Future agricultural support“.

markaðsforsendum, en að hlutverk opinbers stuðnings sé að stuðla að umhverfisvernd og -bótum, auka framleiðni í landbúnaði og efla landsbyggðarsamfélög.

Á meðan nýliðastuðningur í kerfi ESB er að mestu fjárhagslegur, þá hefur England opnað á tilraunaverkefni þar sem tilvonandi bændum er leiðbeint í gegnum nokkurs konar frumkvöðlastuðning þar sem þeir geta þróað ný viðskiptamódel áður en ráðist er í jarðakaup og aðrar fjárfestingar.

Fjárfestingarstuðningur er í boði fyrir bæði bændur, landeigendur og landbúnaðarverktaka en er skilyrtur tilteknum tegundum fjárfestinga, sem geta aukið framleiðni og stuðlað að umhverfisvernd.

Skotland mun halda áfram með almennt beingreiðslukerfi (landgreiðslur) sem nær allir bændur munu eiga kost á stuðning úr, en þó aðeins að uppfylltum grunnskilyrðum um góða búskaparhætti (gæðastýringu), sem bæði munu tryggja umhverfisvænni búskaparhætti og aukna framleiðni.

8 Nýfundnaland

Nýfundnaland er hluti af ríkinu "Nýfundnaland og Labrador" á austurströnd Kanada. Nýfundnaland er eyja og þar búa rétt um hálf milljón íbúa en á Labrador, sem er hluti af meginlandinu, búa einungis um 25.000 manns.¹²⁹ Á Nýfundnalandi eru milli 500 og 600 bú og er meðallandstærð rúm 60 hektarar. Í ríkinu eru 30 kúabú með rúmlega 5.000 kýr samanlagt, lítilsháttar af sauðfé og um 700 holdakýr. Tafla 15 gefur hugmynd um umfang búfjárræktar, en til viðbótar er nokkur grænmetis- og berjarækt.

Tafla 15 - Umfang búfjárræktar í Nýfundnalandi, Kanada

	Fjöldi búa	Fjöldi gripa
Mjólkurkýr	31	5.181
Holdakýr	41	695
Sauðfé	49	1.564
Gyltur	2	*
Kjúklingar	19	1.643.000
Varphænur	36	345.000

*Gögnum ekki safnað

Nýfundnaland framleiðir einungis lítinn hluta þeirrar fæðu sem neytt er í ríkinu, en árið 2017 var sett það markmið að þetta hlutfall skyldi tvöfaldað og yrði 20% árið 2022.¹³⁰ Markmiðið náðist og er Nýfundnaland og Labrador nú sjálfu sér næg um alla neyslumjólk, egg og kjúklingakjöt, en nokkuð er í land varðandi aðra fæðuflokka.¹³¹

Stuðningskerfi landbúnaðarins í Nýfundnalandi er annars vegar á hendi alríkisstjórnarinnar í Ottawa og hins vegar býður ríkisstjórnin sjálf ákveðna fyrirgreiðslu. OECD metur heildarstuðning til landbúnaðar í Kanada um það bil 13% eða töluvert lægri en í bæði Bandaríkjunum og ESB, og mest af þessum stuðningi tilheyrir mjólkurframleiðslunni.

Framleiðsla á mjólk, eggjum og kjúklingum er fyrst og fremst sniðin að heimamarkaði, á meðan mikill útflutningur er á afurðum frá akuryrkju og svína- og nautakjöti. Þetta endurspeglast í stuðningi við þessar greinar, þar sem framleiðsla á mjólk, kjúklingakjöti og eggjum er stýrt með kvótum, opinberri verðlagningu og tollvernd, á meðan stuðningur við aðrar greinar er mjög takmarkaður og miðast helst að áhættustjórnun og nýsköpun.

Markaðsafskipti í mjólk, eggjum og kjúklingaframleiðslu hafa lengi verið við lýði og er fyrst og fremst ætlað að draga úr sveiflum í framboði og eftirspurn og tryggja bændum fyrirsjáanleika í rekstri.

¹²⁹ Agriculture and Agri-Food Canada, „Newfoundland and Labrador’s Agriculture Industry“.

¹³⁰ Newfoundland Labrador Canada, „Double Provincial Food Self-Sufficiency by 2022“.

¹³¹ Newfoundland Labrador Canada, „Minister Bragg Provides Update on Food Self-sufficiency Target and Support for Agriculture“.

Svokölluð markaðsráð fastsetja lágmarksverð á afurðum til bænda, byggt á verðlagsþróun og þróun í verði á aðföngum. Bændur þurfa að eiga kvóta til að mega framleiða og eina leiðin til að eignast kvóta er að kaupa hann á opnum markaði. Framleiðsla umfram kvóta er ekki möguleg. Kvótaverð er breytilegt eftir ríkjum, en er á bilinu 2,5-5,0 millj. ísl. kr. á kg mjólkurfitu/dag¹³² (sem er nokkurn vegin það sem meðalkýrin gefur af sér). Til að setja þetta í íslenskt samhengi þá lætur nærri að þetta samsvari 250 - 500 kr/l (til samanburðar var jafnvægisverð á uppboðsmarkaði með greiðslumark í nóvember 2023 300 kr/l¹³³).

Þriðja stoðin í þessu kerfi er tollvernd, en fyrir utan takmarkaða tollkvóta er innflutningur á þessum vörum (og mörgum öðrum) tolllagður með þeim afleiðingum að innflutningur borgar sig ekki.¹³⁴

Til viðbótar við ofangreindar markaðsaðgerðir býður kanadíska alríkisstjórnin upp á ýmis konar stuðningsaðgerðir. Þessar stuðningsaðgerðir skiptast í eftirfarandi meginflokk:¹³⁵

1. Aðstoð við bændur vegna tímabundinna áfalla - bæði tengt uppskerubresti, búfjárjúkdómum og sveiflum á markaði, ásamt aðstoð eftir að áföll hafa dunið yfir.
2. Lán, lánaábyrgðir og styrkir til framkvæmda og innleiðingar tiltekinna nýsköpunarverkefna, sérstaklega tengt umhverfis- og loftslagsmálum.
3. Tímabundnar “beingreiðslur” og fjárfestingarstuðningur til mjólkur-, eggja-, og kjúklingaframleiðenda til að bæta þeim markaðstap vegna nýlegra fríverslunarsamninga.

Innan Nýfundalands og Labrador er einnig boðið upp á stuðning við starfandi bændur. Hér er eingöngu um að ræða styrki eða ýmis konar ráðgjöf sem styður núverandi bændur og nýja aðila í landbúnaðargeira héraðsins, með áherslu á landbætur og innviði landbúnaðar. Til að fá stuðning verða verkefni að styðja við sjálfbærni matvæla og auka vöxt í landbúnaði og afleiddri vinnslu.¹³⁶

Þrátt fyrir að einstök ríki Kanada hafi takmarkaða sjálfstjórn er erfitt að bera svæði eins og Nýfundnaland við lönd ESB, svo ekki sé talað um lönd eins og Ísland og Noreg. Og samanburður við Kanada mun alltaf verða erfiður vegna einstakra náttúrulegra aðstæðna í miðríkjunum og nálægðar þeirra við Bandaríkin.

Markaðsstýring Kanada í framleiðslu mjólkur, eggja og kjúklinga krefst nánari skoðunar, enda eru meginverkfærin þau sömu og bæði Ísland og Noregur beita (framleiðslustýring, verðstýring, tollvernd), og markmiðin eru hliðstæð (fæðuöryggi, og sveiflujöfnun í framboði, eftirspurn og afurðaverði).

9 Markmið, leiðir og árangursmælikvarðar

9.1 Regluverk og fyrirkomulag landbúnaðarstuðnings

Landbúnaðarstuðningur á Íslandi er skilgreindur í fjórum „samningum” milli ríkis og samtaka bænda. Til viðbótar kemur stuðningur til skógræktar, landbóta og nokkrir sértækir sjóðir (t.d. Bjargráðasjóður og Matvælasjóður). Í öllum þeim löndum sem þetta yfirlit nær yfir er allur stuðningur til landbúnaðar og landeigenda skilgreindur í einu kerfi og með skýrum hætti tengdur við gildandi stefnumörkun stjórnvalda fyrir landbúnað, matvæli og landnotkun. Innan ESB er þetta gert í skjali sem er *Stefnumarkandi áætlun fyrir landbúnað* viðkomandi lands, og sem gildir í sjö ár í senn. Í Noregi eru bæði upphæðir og einstakar stuðningsleiðir endurskoðaðar hvert ár í fastmótuðu ferli sem formlega séð er samningsferli samtaka bænda og ríkisins. Í Bretlandi er enn verið að móta nýtt landbúnaðarkerfi eftir úrgöngu Breta úr ESB, en þar hefur mikið verið lagt upp úr að hið nýja kerfi sé þróað í breiðri samvinnu

¹³² Government of Canada, „Monthly trade of milk quota by province“.

¹³³ Matvælaráðuneytið, „Niðurstöður tilboðsmarkaðar fyrir greiðslumark mjólkur“.

¹³⁴ Government of Canada, „Customs Tariff chapter-by-chapter (T2024)“.

¹³⁵ Government of Canada, „Agricultural programs and services“.

¹³⁶ Newfoundland Labrador Canada: Fisheries, „Agriculture Programs and Funding“.

(og sátt) við bændur. Þetta gerist í opnu samráðsferli sem að vissu leyti minnir á það ferli sem þekktist við gerð skipulagsáætlana hérlandis.

Þessar mismunandi leiðir skipta máli fyrir það hvernig landbúnaðarkerfið þróast til lengri tíma. Fyrirkomulag ESB leiðir til þess að rammalöggjöfin er opin en þegar kemur að útfærslu stuðningsleiða fyrir hvert land, þá þurfa löndin að fá hugmyndir sínar staðfestar af Framkvæmdastjórn ESB. Þetta hefur leitt til umfangsmikilla stefnumarkandi áætlana og mikillar eftirfylgni. Samningsfyrirkomulagið í Noregi og Íslandi leiðir hins vegar til þess að erfitt er að framkvæma umfangsmiklar breytingar enda eru hagsmunasamtök bænda sjaldan í stöðu til að standa að baki tillögum sem breyta verulega tekjugrundvelli sinna umbjóðenda. Þarna mætti halda því fram breska aðferðafræðin geti verið ákjósanleg með skýru umboði stjórnvalda en víðtæku samráði við hagsmunaaðila.

9.2 Stjórnþæki og markmið

Ríkisstyrkir sem stjórnþæki, líkt og aðallega er beitt innan stuðningskerfis íslensks landbúnaðar hafa í för með sér bæði kosti og áskoranir. Ráðstöfun styrkjanna getur annaðhvort verið í gegnum reglur eða umsóknir og umsóknarferli, en tilgangur þeirra er að hvetja til eða styrkja ákveðna þjónustu eða starfsemi sem hið opinbera telur að mikilvægt sé að eigi sér stað. Stjórnþæki sem liggja að baki beitingu stjórnþækisins í íslenskum landbúnaði geta verið hagræn og þetta hugsað sem efnahagslegt jöfnunartæki, tengd byggðastefnu og svo til að tryggja matvælaframleiðslu innanlands og ýta þannig undir fæðuöryggi. Beiting ríkisstyrkja er yfirleitt réttlædd með því að verið sé að bregðast við markaðsbresti¹³⁷, sem í þessu tilfelli myndi felast í því að án ríkisafskipta væri ekki framleitt það magn matvæla sem hið opinbera telur ákjósanlegt. Almenn einkenni ríkisstyrkja sem hagræns stjórnþækis eru þau að í þeim felst lítil þvingun, stig beinna afskipta eða íhlutunar ríkisins er frekar lágt, stig sjálfvirkni frekar hátt og sýnileiki í fjárlagaferlinu er frekar mikið.¹³⁸

Almennt mat á áhrifum ríkisstyrkja sem hagrænu stjórnþæki eru þau að markvirkni þeirra er umdeild, skilvirkni getur verið lítil, jöfnuður lítill þar sem þetta er ekki talið nægilega hnitmiðað sem jöfnunartæki, ábyrgð eða fyrirvar getur verið lítið eða takmarkað ef ábyrgðatengsl eru óljós en lögmæti er frekar mikið þar sem mikill pólitískur stuðningur er við ríkisstyrki fremur en bein afskipti.¹³⁹ Þær stjórnunarlegu áskoranir sem beiting stjórnþækisins hefur í för með sér eru helst þær að skortur á yfirsýn og eftirliti geta hamlað innleiðingu, eftirfylgni og mat á árangri. Stjórnunarkostnaður getur verið mikill, kerfið getur orðið flókið, styrkirnir ekki borist til þeirra sem helst þurfa á þeim að halda og markmið ekki náðst vegna þeirra erfiðleika sem felast í því að meta árangur. Að auki getur sambandið milli styrkþega og styrkveitanda verið laust í reipum¹⁴⁰, og þá má einnig benda á EES reglur um ríkisaðstoð sem þarf að taka tillit til. Þegar ríkisstyrkir eru settir á þarf að vera skýrt hvaða viðmið þarf að uppfylla til að eiga rétt á eða geta sótt um styrk, hvers vegna, hvernig meta eigi umsóknir ef þeirra er krafist, í hvaða tilgangi þeir eru settir á og hvaða markmiðum eigi að ná.

Mikilvægt er að taka á hluta af þeim stjórnunarlegu áskorunum sem ríkisstyrkir hafa í för með sér í tilfelli íslensks landbúnaðar með því að skilgreina mælikvarða á árangur í viðum skilningi, þá bæði með tilliti til fæðu- og matvælaöryggis, samfélagslegra þátta, hagrænna þátta og umhverfislegra. Þá er einnig æskilegt að slíkir mælikvarðar myndu tala við aðra tengda málaflokka, líkt og landnotkun og skógrækt, sem og mælikvarða tengda alþjóðlegum skuldbindingum og samningum Íslands, líkt og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og samningsins um líffræðilega fjölbreytni (CBD).

Þegar rakið er hvaða markmið eru sett fram um stuðningskerfi íslensks landbúnaðar í búvörulögum frá 1993, búvörusamningum frá 2016 og endurskoðunum á þeim 2019 og 2023, matvælastefnu Íslands *Matarauðlindin Ísland* frá 2020, landbúnaðarstefnunni *Ræktum Ísland!* frá 2021 og

¹³⁷ Beam og Conlan, „Grants“.

¹³⁸ Beam og Conlan.

¹³⁹ Beam og Conlan.

¹⁴⁰ Beam og Conlan.

Þingsályktunartillögum matvælaráðherra um landbúnaðarstefnu annars vegar og matvælastefnu hins vegar til ársins 2040 má sjá að aukin áhersla er lögð á umhverfislega þætti, svo sem losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnishlutleysi eða kolefnisjöfnun framleiðslunnar, lífræna framleiðslu, sjálfbæra landnýtingu, verndun vistkerfa og umhverfisvernd. Þá má finna bókun um loftslagsmál í endurskoðuðum búvörusamningi sem birtur var 2024 þar sem nefnt er að nauðsynlegt sé að koma á loftslagsbókhaldi í íslenskum landbúnaði til þess „að bæta og auka skráningu á losun og bindingu kolefnis og eftir atvikum öðrum umhverfisupplýsingum hjá einstökum framleiðendum sem fá stuðningsgreiðslur samkvæmt samningum“.¹⁴¹

Aftur á móti snúa gögnin sem aðgengileg eru í gegnum mælaborð landbúnaðarins sem hýst er á heimasíðu Stjórnarráðsins, og ætlað er að auðvelda yfirsýn og eftirlit með árangri búvörusamninga, eingöngu að framleiðslutengdum og samfélagslegum þáttum. Þar má til dæmis finna gögn yfir það hversu mikið hvert bú fær greitt úr hvaða stuðningsflokki, fjölda búfjáreiganda, kyn þeirra, skiptingu á landshluta, búfé eftir landshlutum, framleidd og innflutt tonn af grænmeti, framleiðslu, sölu, birgðir og innflutning kjöts ásamt þróunar afurðaflokka. Þess háttar aðgengi að gögnum getur vissulega skipt sköpum við árangursmat stuðningskerfisins, en einnig þarf að horfa til þess hvort samræmi sé milli þeirra markmiða sem sett eru fram af hinu opinbera og þess sem mælt er til að meta árangur aðgerða.

Til að nefna sem dæmi kemur fram í 1. gr. Búvörulaga frá 1993 að tilgangur laganna sé meðal annars sá „að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,“¹⁴² sem gefur til kynna að ríkið vilji tryggja það að bændur hafi laun fyrir sín störf ekki ólík því sem gengur og gerist á vinnumarkaði. Ekki er þetta þó útfært nánar t.d. í samhengi við búvörusamninga þótt þeir eigi leynt og ljóst að tryggja tekjustofna búa til þess að bændur geti greitt sér út laun. Aftur á móti má finna þetta sama markmið hjá Norðmönnum eins og fjallað var um hér að ofan, og er útfærslan á því mjög skýr. Þá má benda á markmið sem finna má víða í stefnumörkun stjórnvalda, t.d. í búvörulögum frá 1993, búnaðarlögum frá 1998, í búvörusamningum 2016 og þingsályktun um landbúnaðarstefnu til 2040, sem er efling eða auðveldun nýliðunar í landbúnaði. Matvælastefnan *Matarauðlindin Ísland* sem og landbúnaðarstefnan *Ræktum Ísland!* koma einnig inn á mikilvægi nýliðunar. Því er ljóst að hér er um að ræða markmið sem hefur verið hinu opinbera hugleikið í meira en 3 áratugi. Engir árangursmælikvarðar liggja þó fyrir sem miða á við varðandi þessi tvö markmið, sem og mat á því hvað myndi teljast góður eða slæmur árangur í þeim efnum. Hvaða viðmið eigi að liggja því til grundvallar að grípa þurfi til sértækra aðgerða og stuðnings, hvenær þróunin sé komin á þann stað að hægt sé að endurskoða slíkar aðgerðir og þar fram eftir götunum, er óljóst. Hér væri gagnlegt að horfa til dæmis til þeirra 12 markmiða sem Finnar setja sér í nýjustu aðgerðaáætlun sinni undir landbúnaðarstefnu til 2027, sem flest innihalda töluleg markmið og gefa því færi á skýru árangursmati, og snerta bæði á framleiðslu matvæla, samfélagslegra- og umhverfislegra þátta í landbúnaði.

Til að bera saman markmið, leiðir og árangursmat stuðningskerfið íslensks landbúnaðar og því sem gerist í samanburðarlöndum sem tekin eru hér fyrir, er rétt að rýna nánar í nokkrar þær leiðir sem íslenska stuðningskerfið styðst við til að ná fram markmiðum sínum.

9.3 Umhverfistengdur stuðningur

Ekki eru fyrirferðarmikil markmið tengd umhverfisþáttum eða náttúruvernd í búvörulögum frá 1993, en II. kafli búnaðarlaga frá 1998 tekur á jarðabótum og landgreiðslum¹⁴³. Þar er kveðið á um að jarðabætur skuli „*stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparháttanna*“. Markmið búvörusamninga frá 2016 taka til umhverfisverndar og sjálfbærrar landnýtingar í rammisamningi og í


¹⁴¹ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammisamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.“

¹⁴² Alþingi, Búvörulög.

¹⁴³ Alþingi, Búnaðarlög.

gegnum hann var opnað á stuðningsgreiðslur til þeirra framleiðenda sem aðlaga sig að lífrænum framleiðsluháttum.¹⁴⁴

Í samkomulagi frá 2019 um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 2016 snýr 2. gr. alfarið að loftslagsmálum¹⁴⁵. Þar er sett fram markmið um að íslensk garðyrkja verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en 2040, og hafi hlotið vottun þar um. Til að ná því fram þurfi að auka enn frekar þekkingu bænda á landi sínu og ræktun til að efla bæði getu þeirra og úrræði til að draga úr losun og auka bindingu. Þá á að ráðstafa hluta af því fjármagni sem rennur til samningsins til aðgerða í loftslagsmálum ásamt því að bæta við nýju fjármagni til að stuðla að kolefnishlutleysi íslenskrar garðyrkju. Í nýlegri skýrslu frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands er bent á að efling innlendirar grænmetisframleiðslu sem loftslagsaðgerð telst óhagkvæm miðað við þær forsendur sem skýrsluhöfundar gefa sér.¹⁴⁶



Mynd 23 - Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði innan landsvæðis Íslands, í CO₂ ígildum 1990-2021.¹⁴⁷

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði á Íslandi, sem inniheldur losun frá meltingarvegi húsdýra, frá húsdýraskít, jarðvegsvinnslu, notkun kalkáburðar og annarra basískra efna, notkun úreu í jarðvegsvinnslu og notkun annars áburðar sem inniheldur kolefni, hefur sveiflast töluvert frá árinu 1990 til 2021 skv. tölum frá Hagstofunni líkt og sjá má hér að ofan á mynd 23. Samdráttur hefur hins vegar átt sér stað í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda úr meltingarvegi húsdýra eins og sjá má á mynd 24, sem má meðal annars rekja til fækkunar sauðfjár á Íslandi. Við endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar árið 2019 var samið um að íslensk nautgriparækt yrði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040.¹⁴⁸


¹⁴⁴ Matvælaráðuneytið, Samkomulag um breytingar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

¹⁴⁵ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016“.

¹⁴⁶ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, „C22:01 Áhrif aðgerða í loftslagsmálum Kostnaðar- og ábatamat“.

¹⁴⁷ Hagstofa Íslands, „Losun gróðurhúsalofttegunda innan landsvæðis Íslands, í CO₂ ígildum 1990-2021“.

¹⁴⁸ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 2016“.



Mynd 24 - Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda úr meltingarvegi húsdýra á Íslandi í CO₂ ígildum 1990-2021.¹⁴⁹

Til umhverfistengds stuðnings úr búvörusamnings mætti setja jarðræktastyrki og landgreiðslur að einhverju leyti undir þann hatt ásamt greiðsla til stuðnings lífrænnar framleiðslu og kolefnishlutleysi, en ljóst er að um mun umfangsminni greiðslur er að ræða en í flestum samanburðarlöndum hér að ofan.

Ef borin eru saman umhverfistengd markmið sem sett hafa verið fram og unnið er að í nokkrum af þeim löndum sem þessi samanburður nær til, þá er ljóst að Finnland, Svíþjóð, Austurríki, Bretland og Skotland bjóða upp á mun umfangsmeiri grænan stuðning innan sinna landbúnaðarstuðnings kerfa. Þá ber fyrst að nefna Finnland sem hefur sett sér bæði skýr og töluleg markmið í sinni nýjustu stefnu í landbúnaði, líkt og fjallað var um hér að ofan. Umhverfisgreiðslur eru greiddar sem álag á landgreiðslur, en grunnurinn af þeim er gæðahandbók fyrir allt ræktað land. Fjárfestingastuðningi er beitt til umhverfismála og loftslagsaðgerða, stuðningsgreiðslur eru veittar fyrir lífrænan búskap, umhverfisvænan búskap, og greiðslur eru einnig veittar fyrir býflugnarækt og fuglavernd.

Í Svíþjóð er reglulegt árangursmat og eftirfylgni á ríkjandi stuðningskerfi landbúnaðarins svo gætt sé að því að matvælastefnunni sé framfylgt og hún nái markmiðum sínum, þar sem áhersla er lögð á aukna og samkeppnishæfa matvælaframleiðslu á sama tíma og umhverfismarkmið séu í hávegi höfð. Um það bil 30% af heildarlandbúnaðarstuðningi er eynamerktur einhvers konar grænum stuðningi, t.d. umhverfisálagi, viðhaldi votlendis og vatnsvernd.

Í Austurríki mætti flokka yfir 37% heildarlandbúnaðarstuðningsins sem umhverfistengdan stuðning, svo sem stuðning við býflugnarækt, lífrænan landbúnað, vatnsvernd, friðlönd og umhverfisvæna búskaparhætti. Þá er einnig hluti fjárfestingarstuðnings eynamerktur grænum aðgerðum. Áhugavert er að sjá útfærslur umhverfistengds stuðnings í Bretlandi og Skotlandi eftir útgöngu þeirra úr ESB, sem verður að teljast bæði viðtækur og umfangsmikill.

Einhverjar greiðslur eða stuðningur standa bændum til boða sem standa fyrir utan stuðningskerfi landbúnaðarins í gegnum búvörusamninga. Land og skógur (áður Landgræðslan) bjóða bændum greiðslur fyrir varnir gegn landbroti og stuðning í gegnum verkefnið Bændur græða landið, t.d. er varðar endurgreiðslu á áburðakaupum og sköffun fræja.¹⁵⁰ Bændur hafa einnig getað sótt um stuðningsgreiðslur í gegnum Land og skóg (áður Skógræktin) fyrir skógrækt, s.s. skjólbeltarækt.¹⁵¹ Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem vísað er í hér að ofan kemst að þeirri niðurstöðu að hagkvæmstu loftslagsaðgerðirnar séu efling bæði landgræðslu og skógræktar.¹⁵² Ekki er vitað til þess að bændur geti sótt um annars konar greiðslu fyrir vistkerfaþjónustu frá opinberum aðilum, en Byggingastofnun býður þó upp á svokölluð græn lán til að styðja við þá sem fara vilja í verkefni sem stuðla að umhverfisvernd með einum eða öðrum hætti, líkt og bættrar orkunýtni, nýtingu

¹⁴⁹ Hagstofa Íslands, „Losun gróðurhúsalofttegunda innan landsvæðis Íslands, í CO₂ ígildum 1990-2021“.

¹⁵⁰ land.is, „Bændur græða landið“.

¹⁵¹ skogur.is, „Um skjólbeltarækt á lögbýlum“.

¹⁵² Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, „C22:01 Áhrif aðgerða í loftslagsmálum Kostnaðar- og ábatamat“.

endurnýjanlegri orkugjafa eða lífrænnar matvælaframleiðslu, svo dæmi séu tekin.¹⁵³ Því má sjá að um býsna sundurleitan stuðning er að ræða sem bændur geta sótt sem flokka mætti sem umhverfistengdan stuðning þar sem hann er á höndum nokkurra opinberra aðila og tilheyrir mismunandi kerfum.

9.4 Byggðastuðningur

Líkt og tæpt var á í umfjöllun um byggðapróun tengda íslenskum landbúnaði hefur bændum fækkað mikið á öllu landinu síðan 1992, en mest hefur fækkunin verið hlutfallslega á Austurlandi fyrir bæði nautgripa- og sauðfjáreigendur. Þar sem lögð hefur verið áhersla á aukna hagkvæmni og skilvirkni í landbúnaðarframleiðslu á Íslandi í gegnum opinbert stuðningskerfi. Hefur það leitt til stærðarhagkvæmni sem óhjákvæmilega leiðir af sér fækkun bóva. Mikilvægi landbúnaðar fyrir landsbyggðina, og þá sérstaklega þau svæði þar sem dreifbýli er ríkjandi, er þó óumdeilanlegt¹⁵⁴. Því liggja byggðarök því til grundvallar að veittur sé sérstakur svæðisbundinn stuðningur í gegnum búvörusamninga. Í bókun um byggðamál í rammasamningi frá 2016 kemur fram að „*samningsaðilar séu sammála því að ráðast í starf sem miðar að því að treysta innviði og búsetu í sveitum.*“¹⁵⁵ Þá var kveðið á um að stofna ætti samstarfsvettvang samningsaðila vorið 2016 til þess að setja fram tillögur um aðgerðir sem stuðla ættu að „*aukinni sjálfbærni sveitanna, eflingu framleiðslu og úrvinnslu matvæla ekki síst svo að meiri virðisauki verði í byggðunum.*“ Þar undir átti einnig að skoða uppbyggingu innviða, meðal annars samgöngur, fjarskipti og raforku, ásamt möguleika sveitanna til þátttöku í aðgerðum vegna loftslagsmála. Þá átti að líta til úrræða til að treysta fjárhag bænda og greiða fyrir ættliðaskiptum á bújörðum. Einungis er kveðið á um svæðisbundinn stuðning í rammasamningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, en slík ákvæði er ekki að finna í samningum um nautgriparækt og garðyrkju.

Í 8. gr. búvörusamnings sauðfjárræktar frá árinu 2016 kemur fram að þau svæði sem háðust eru sauðfjárrækt fái sérstakan svæðisbundinn stuðning á samningstímanum.¹⁵⁶ Þá átti Byggðastofnun að gera bæði tillögu að skilgreiningu á þeim svæðum, sem og því hvernig útteilingu fjármuna undir þessu ákvæði skyldi háttáð. Í viðauka við samninginn má finna töflu þar sem gert er ráð fyrir að svæðisbundinn stuðningur fari úr 99 milljónum árið 2017 í 136 milljónir árið 2026¹⁵⁷, og fari þá úr því að vera 2% heildargreiðslna úr sauðfjársamningi yfir í 3%. Fjórði kafli reglugerðar nr. 144/2022 um stuðning við sauðfjárrækt kveður nánar á um útfærslu svæðisbundins stuðnings, en skilyrði sem þarf að uppfylla er það að lögbýlið sé í vissri akstursfjarlægð frá þéttbýlisstöðum, og byggt er á gögnum frá Byggðastofnun um þau sauðfjársvæði sem heyra þar undir.¹⁵⁸ Lögbýlið þarf að vera í 150 km akstursfjarlægð eða meira frá Reykjavík, 75 km akstursfjarlægð eða meira frá þéttbýlisstöðum með yfir 10.000 íbúa og 40 km akstursfjarlægð eða meira frá þéttbýlisstöðum með meira en 1.000 íbúa. Með því er verið að útiloka bú vestan Markarfljóts og á Vesturlandi. Þá eru flest bú við og nálægt Eyjafirði undanskilin svæðisbundnum stuðningi vegna þessarar reglu. Að auki skulu rétthafar greiðslna hafa átt 300 vetrarfóðraðar kindur skv. haustskýrslu fyrir árið á undan. Þó eru framleiðendur í Árneshreppi undanskildir þeirri reglu og þurfa einungis að hafa átt 100 vetrarfóðraðar kindur, og eiga einnig rétt á 25% álagi ofan á framlög. Um 40% sauðfjársvæða á landinu teljast smá þar sem fjöldi gripa er innan við 100.¹⁵⁹ Af heildarfjölda sauðfjársvæða árið 2021 töldust tæp 72% þeirra vera með undir 300 gripum.¹⁶⁰ Því er ljóst að flest bú á Íslandi eru ekki nægilega stór til að eiga rétt á greiðslum vegna svæðisbundins stuðnings. Ekki kemur fram reikniregla fyrir framlög til svæðisbundins stuðnings í reglugerð, en kveðið

¹⁵³ Byggðastofnun, „Græn lán“.

¹⁵⁴ Jóhannesson og Heiðarsson, „Samfélagsleg þýðing sauðfjársvæða“; Þórsteinsdóttir o.fl., „Greiðslumark mjólkur: Tillögur um leiðir vegna sölu og kaupa“.

¹⁵⁵ Stjórnarráðið, „Rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026“.

¹⁵⁶ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar“.

¹⁵⁷ Í viðauka eru tölurnar á verðlagi þess árs. Þær eru svo verðtrygðar með hagræðingarkröfu (0,5%/ár fyrrir fimm árin og 1%/ár síðari fimm)


¹⁵⁸ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.

¹⁵⁹ Hagstofa Íslands, „Rekstrartekjur landbúnaðarins standa í stað og búum fækkar“.


¹⁶⁰ Hagstofa Íslands, „Rekstrar og efnahagsyfirlit sauðfjársvæða eftir stærðarflokkun 2008-2021“.

er á um að framlög skulu „skiptast á milli rétthafa á hverjum tíma og taka breytingum miðað við breytingar á fjölda rétthafa.“¹⁶¹ Þá kveður reglugerð nr. 144/2022 einnig um það að hver framleiðandi getur ekki fengið meira en 0,4% af heildarhlutfalli þess sem greitt er út vegna samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar á hverju ári.

Á mælaborði landbúnaðarins er að finna veittar greiðslur fyrir svæðisbundinn stuðning innan sauðfjárræktar. Þegar sameinaðar eru greiðslur skilgreindar sem “svæðisbundinn stuðningur, aðstoð 2017” og “svæðisbundinn stuðningur” þá kemur í ljós að frá árinu 2018 hefur nokkuð stöðugur fjöldi aðila hlotið svæðisbundnar stuðningsgreiðslur líkt og sjá má á mynd 25. En þó sýnir „trendið“ lækku



Mynd 25 - Svæðisbundinn stuðningur í sauðfjárrækt (fjöldi aðila).¹⁶²



Mynd 26 - Svæðisbundinn stuðningur í sauðfjárrækt (ISK).¹⁶³


Á mynd 26 má sjá að greiðslur eyrnamerkta svæðisbundnum stuðningi fara úr 250 milljónum króna árið 2017 niður í tæplega 150 milljónir árið á eftir, vegna þess að greidd var sérstök svæðisbundinn stuðningsgreiðsla árið 2017 í ofanálag við hefðbundna greiðslu. Eftir 2018 hækka greiðslurnar jafnt og þétt í 164 milljónir árið 2022. Árið 2022 voru greiddir rúmir 6 milljarðar króna vegna sauðfjárhluta búvörusamninga skv. mælaborði landbúnaðarins, og því er ljóst að svæðisbundinn stuðningur er ekki

¹⁶¹ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.

¹⁶² Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁶³ Matvælaráðuneytið.

hátt hlutfall heildargreiðslna sauðfjárræktar í landbúnaði, eða um 2,7%. Þetta eru þó hærrí greiðslur en gert var ráð fyrir í viðauka I við búvörusamningana frá 2016.¹⁶⁴



Mynd 27 - Svæðisbundin stuðningur eftir landshlutum 2017 og 2022.¹⁶⁵

Þegar nánar er greint í hvaða landshluta greiðslurnar skiptast, þá kemur fram að hlutfallslega fær Norðurland-vestra stærstu sneiðina á hverju ári frá 2017 (mynd 27). Hlutfallslega hafa heildargreiðslur til Suðurlands dregist saman ef borin eru saman árin 2017 og 2022. Meðaltalsgreiðsla á hvert bú vegna svæðistengds stuðnings er um 470 þúsund krónur á ári.

Í þeim löndum ESB sem hér hafa verið skoðuð, ásamt í Noregi, er töluverður hluti landbúnaðarstuðnings svæðistengdur með einum eða öðrum hætti. Þetta kemur skýrast fram í Finnlandi, þar sem búið hefur verið til sérstakt stuðningskerfi fyrir norðurhluta landsins, fjármagnað af finnska ríkinu. En einnig beita Svíþjóð, Austurríki og Noregur umfangsmikilli svæðisskiptingu fyrir beingreiðslur, fjárfestingarstuðning og (í Noregi) verðálag. Það sem er sammerkt öllum þessum löndum er að svæði eru skilgreind á grundvelli náttúrulegra aðstæðna og skiptingin er mjög finkornuð. Algengt er að unnið sé með 7-10 yfirflokkka og innan þeirra geta verið undirflokkar, byggt á t.d. hæð yfir sjávarmáli. Með þessu móti er tryggt, að munur í stuðningsupphæðum milli nágrannasvæða sé ekki of mikill.


9.5 Nýliðastuðningur

Í búvörulögum nr. 99/1993 með breytingum sem samþykktar voru 2016 er kveðið á í 36. grein að markmið bæði í sauðfjárrækt og nautgriparækt séu meðal annars þau að auðvelda þurfi nýliðun¹⁶⁶ í greinunum og “*nauðsynleg kynslóðaskipti sem tryggi að stuðningur ríkisins nýtist starfandi bændum á hverjum tíma*”. Þá skal skv. 54. grein laganna nýliðum tryggður forgangur til þess að kaupa greiðslumark mjólkur á markaði. Ekki er kveðið á um nýliðun framleiðenda garðrykjuafurða í búvörulögum né búvörusamningum.

¹⁶⁴ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar“.

¹⁶⁵ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁶⁶ Skv. 2. gr. Búvörulaga nr. 99/1993 er nýliði skilgreindur sem einstaklingur sem er á aldrinum 18-40 ára á því ári sem hann óskar eftir stuðningi og er að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hefur leigt eða keypt búrekstur á þremur undangengnum árum frá 1. janúar á umsóknarári að telja.



Mynd 28 - Fjöldi aðila sem hefur fengið greiðslur vegna nýliðunar í landbúnaði (vinstri) og upphæðir heildargreiðslna vegna nýliðunar í landbúnaði frá 2017-2022 (hægri).¹⁶⁷

Á mynd 28 má sjá gögn frá mælaborði landbúnaðarins, en þá fengu á bilinu 24 til 50 aðilar styrk skv. rammisamningi búvörusamninga sem gerður var 2016, sem miðaður var að því að efla nýliðun í landbúnaði. Greiðslurnar sveiflast ekki mikið milli árána 2017 til 2022, og eru á bilinu tæplega 130 milljónir upp í rúmlega 147 milljónir á ársgrundvelli. Þegar heildarnýliðunargreiðslur fyrir árið 2022 í landbúnaði eru bornar saman við heildargreiðslur hins opinbera til stuðnings landbúnaðar á Íslandi, sem voru rúmir 18,6 milljarðar á verðlagi ársins, er ljóst að innan við 1% þeirra fara til eflingar á nýliðun. Þegar gögnin eru skoðuð nánar fyrir hvert ár voru þau bú sem voru að fá úthlutað hæstu styrkjum árin 2017-2020 að fá um 9 milljónir hvert, eða um 6-7% heildargreiðslna til nýliðunar það árið. Fyrir árin 2021-2022 fengu efstu búin flest um 3-4 milljónir, eða um 2-3% heildargreiðslna til nýliðunar á hvern aðila.

Þá stendur bændum til boða að taka svokölluð Landbúnaðarlán hjá Byggðastofnun vegna kynslóðaskipta í landbúnaði, sem eftir samkomulag við European Investment fund árið 2020 um aðild stofnunarinnar að svokölluðu COSME ábyrgðakerfi, gerir nýliðum kleift að taka lán með allt að 90% veðsetningarhlutfalli og greiða einungis vaxtagreiðslur fyrstu 3 árin.¹⁶⁸

Ef þetta er borið saman við önnur lönd þá er innan sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB þrens konar stuðningur til nýliða (skilgreint sem bændur undir 40 ára, fyrstu 5 búskaparár). Í fyrsta lagi fá þeir álag á beingreiðslur, í öðru lagi álag á fjárfestingarstuðning og í þriðja lagi sérstakan nýliðastuðning. Þessar þrjár stuðningsleiðir skulu nema sem svarar til 3% af heildarbeingreiðslum hvers lands. Sambærilegt hlutfall á Íslandi myndi svara til 450-500 milljóna á ári, eða nær þrefalt hærri upphæð en eyrnamerkt er nýliðastuðningi í endurskoðuðum búvörusamningum.

Í Bretlandi (Englandi) er farin önnur leið þar sem aðilum sem áhuga hafa á að hefja búskap, eða stefna að umfangsmiklum breytingum/stækkun búa, býðst aðgengi að nokkurs konar frumkvöðlastuðningi sem felur í sér handleiðslu og aðstoð við að þróa viðskiptahugmyndir og sem einnig getur falið í sér stuðningsgreiðslur á seinni stigum.

9.6 Fjárfestingastuðningur

Í 51. gr. búvörulaga frá 1993 er kveðið á um markmið um starfsskilyrði nautgriparræktar séu þau að „greinin geti endurnýjað framleiðsluástöðu í samræmi við auknar kröfur um aðbúnað og velferð dýra”.¹⁶⁹ Ekki er að finna slík markmið varðandi starfsskilyrði sauðfjárræktar eða framleiðenda garðyrkjuaufurða í lögunum. Í 10. gr. rammisamnings búvörusamninga um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins frá 2016 er útlistað að fjárfestingastuðningur, sem tímabundið var í boði fyrir framleiðendur í svínarækt til ársins 2021, eigi að „auðvelda sérstaklega smærri svínabúum að hraða því að standast nýjar kröfur um aðbúnað svína.”¹⁷⁰ Sambærileg markmið eru ekki sett fram fyrir

¹⁶⁷ Matvælaráðuneytið.

¹⁶⁸ Byggðastofnun, „Samantekt um stöðu sauðfjárræktar“.

¹⁶⁹ Alþingi, Búvörulög.

¹⁷⁰ Stjórnarráðið, „Rammisamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparræktar og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026“.

alifuglarækt eða aðrar landbúnaðargreinar. Þá er ekki að finna ákvæði um fjárfestingastuðning fyrir framleiðendur garðyrkjuafurða í búvörusamningi frá 2016.

Í búvörusamningi fyrir nautgripærækt frá 2016 er að finna markmið um að greinin geti endurnýjað framleiðsluáðstöðu sína í samræmi við auknar kröfur um dýravelferð.¹⁷¹ Til þess býður hið opinbera upp á fjárfestingastuðning, sbr. 8. gr. samningsins. Í búvörusamning um sauðfé frá 2016 er einnig kveðið á um fjárfestingastuðning, en tilgangur hans er bæði að stuðla að aukinni hagkvæmni í búskap ásamt því að stuðla að bættri dýravelferð, sbr. 9. gr.¹⁷² Samkvæmt skilyrðum um fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt verða „greidd framlög vegna nýframkvæmda og breytinga á byggingum“ sem fela í sér bættu vinnuáðstöðu eða stuðli að bættem aðbúnaði og velferð dýra. Verkefni þurfa þó að kosta yfir 1 milljón króna til þess að hægt sé að sækja um fjárfestingastuðning, og hefur stuðningurinn getað numið allt að 20% stofnkostnaðar. Með endurskoðun búvörusamninga sem fram fór 2023 var þessu ákvæði breytt og eiga sauðfjárbændur að geta sótt um stuðning fyrir allt að 40% stofnkostnaðar frá árinu 2024.¹⁷³ Þá er sett þak yfir það hversu mikið framlag hver framleiðandi getur sótt um, og miðast það við 10% af árlegri heildarupphæð fjárfestingastuðningsins. Í viðauka við samninginn má sjá að gert var ráð fyrir að fjárfestingastuðningur í sauðfjárrækt færi úr 48 milljónum króna árið 2018 í 91 milljón króna árið 2026. Skv. reglugerð 144/2022 getur hver framleiðandi fengið úthlutað styrk til sömu framkvæmda til allt að þriggja ára verði framkvæmdir á fleiri en einu ári, en þá skal leggja fram nýja umsókn árlega.



Mynd 29 - Fjárfestingastuðningur í sauðfjárrækt (fast verðlag, upphæð á verðlagi ársins).¹⁷⁴

Eins og sjá má á mynd 29 var enginn fjárfestingastuðningur veittur í sauðfjárrækt árið 2017, en þróunin hefur síðan farið stigvaxandi þar til ársins 2022, fyrir utan árið 2021. Árið 2022 eru veittar tæpar 88 milljónir króna í fjárfestingastuðning til sauðfjárbænda, sem eru um 1,4% þeirra framlaga sem fóru til búvörusamnings í sauðfjárrækt á því ári. Þá breytist fjöldi aðila sem sækir um og hlýtur fjárfestingastuðning milli ára, en minnst fer það í 42 aðila á tímabilinu, en mest í 91 aðila.

Svipuð skilyrði má finna í búvörusamningnum um nautgripærækt frá 2016, en miðar fjárfestingastuðningurinn að því að veita framlög vegna nýframkvæmda eða endurbóta á eldri byggingum. Þau geta numið allt að 40% stofnkostnaðar, svo ljóst er að um herra framlag hefur verið að ræða heldur en fyrir framleiðendur sauðfjár, en eins er miðað við að hámarksframlag sé 10% af árlegri heildarupphæð fjárfestingastuðningsins. Í viðauka við samninginn má sjá að gert var ráð fyrir að fjárfestingastuðningur í nautgripærækt færi úr 193 milljónum árið 2017 yfir í 180 milljónir árið 2026.¹⁷⁵ Reglugerð nr. 348/2022 um stuðning í nautgripærækt veitir einnig möguleika á því að framleiðandi getur

¹⁷¹ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði nautgripæræktar“.


¹⁷² Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar“.

¹⁷³ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.“

¹⁷⁴ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁷⁵ Í viðauka eru tölurnar á verðlagi þess árs. Þær eru svo verðtryggðar með hagræðingarkröfu (0,5%/ár fyrri fimm árin og 1%/ár síðari fimm).

sótt um styrk til sömu framkvæmda til allt að þriggja ára, fari þær fram á fleiri en einu ári, og þá skal leggja fram nýja umsókn árlega.¹⁷⁶



Mynd 30 - Fjárfestingastuðningur í nautgriparrækt (fast verðlag, upphæð á verðlagi ársins).¹⁷⁷

Á mynd 30 má sjá fjárfestingastuðning sem veittur hefur verið í nautgriparrækt á árunum 2017 til 2022. Ljóst er að um hærri fjárhæðir eru að ræða samanborið við sambærilega styrki til sauðfjárræktar, en bæði eru fleiri aðilar að fá þennan stuðning (frá 61 upp í 121 aðila árlega), og framleiðendur nautgripa eiga rétt á stuðningi fyrir allt að 40% stofnkostnaðar, samanborið við 20% fyrir sauðfjárbændur (fyrir árin 2017-2023). Þá var fjárfestingastuðningur um 4,7% af heildarframlögum vegna búvörusamnings í nautgriparrækt fyrir árið 2022, samanborið við 1,4% í sauðfjárrækt.

Bændur hafa einnig getað sótt um Landbúnaðarlán hjá Bygðastofnun fyrir hvers kyns endurbótum og uppbyggingu á búum sem eru í rekstri frá árinu 2013. Mikil eftirspurn var eftir slíkum lánnum vegna reglugerðabreytinga um aðbúnað mjólkurkúa.¹⁷⁸ Kostur lánanna er ábyrgðakerfið sem gerir Bygðastofnun kleift að veita áhættusamari lán en ella, og lántakendur hafa möguleika á því að greiða einungis vexti af lánunum fyrstu 3 árin, en ekki inn á höfuðstólinn.¹⁷⁹

Ýmis konar fjárfestingarstuðningur er í boði í öllum þeim löndum sem þetta yfirlit nær til og víðast mun ríkulegri en hérlendis. Í Svíþjóð og Austurríki nemur fjárfestingarstuðningur þannig um 6,5% af heildargreiðslum til landbúnaðarins, í Finnlandi er hlutfallið ríflega 8% af þeim greiðslum sem koma frá ESB og í Noregi um 5%. Í endurskoðuðum búvörusamningum er fjárfestingarstuðningur hins vegar aðeins 2,2% af heildargreiðslum (sem þó fela ekki í sér greiðslur til skógræktar og landbóta) og er takmarkaður við nautgripa- og sauðfjárrækt.

9.7 Stuðningsþak og jöfnun greiðslna

Líkt og fram kom hér að ofan fengu þau 20 sauðfjárbú sem fengu hæstu greiðslurnar árið 2022 (efstu 1,3% búna) um 6% stuðningsins, þau 10 nautgripabú sem fengu hæstu greiðslurnar 2022 (efstu 1,4% búna) fengu samtals 6% heildargreiðslna úr búvörusamningi nautgriparræktar og efstu 10 garðyrkjuframleiðendurnir fengu 56% stuðnings úr þeim búvörusamningi árið 2022.¹⁸⁰ Reglur varðandi þak og hámark á hinum ýmsu stuðningsgreiðslum eru í gildi. Þannig mega heildarframlög skv. samningi um starfsskilyrði nautgriparræktar ekki vera hærri hlutfall en 0,7% á hvern framleiðanda¹⁸¹ og hlutfallið er 0,4% fyrir framleiðendur sauðfjár.¹⁸² Í garðyrkju takmarkast framleiðslutengdar beingreiðslur við 10% af heildarbeingreiðslum þess beingreiðsluflokks sem er til ráðstöfunar á ári hverju. Þá getur

¹⁷⁶ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning í nautgriparrækt.

¹⁷⁷ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁷⁸ Bygðastofnun, „Samantekt um stöðu sauðfjárræktar“.

¹⁷⁹ Bygðastofnun, „Lán vegna jarðakaupa eða kynslóðaskipta í landbúnaði“.

¹⁸⁰ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁸¹ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning í nautgriparrækt.

¹⁸² Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.

framleiðandi ekki fengið hærri greiðslur en 10% af heildargreiðslum sem greiddar eru út vegna jarðræktarstyrks á hverju ári.¹⁸³ Vegna beingreiðslna á flutnings- og dreifingakostnaði raforku til lýsingar, takmarkast greiðslur til hvers framleiðanda við 17,5% af þeirri heildarfjárhæð sem eru til ráðstöfunar á hverju ári.¹⁸⁴ Þá eru skilyrði fyrir beingreiðslunum meðal annars sú að ársnotkun til lýsingar verði að vera meiri en 100MWh á ári.¹⁸⁵

Fyrir utan þessi almennu ákvæði eru tvær stuðningsleiðir tengdar stærð bóa. Þetta eru gripagreiðslur í nautgriparækt og býlisstuðningur í sauðfjárrækt.¹⁸⁶ Gripagreiðslur í nautgriparækt byrja að skerðast við 50 mjólkurkúr (200 holdakúr) og bændur geta ekki fengið greiðslur fyrir meira en 180 mjólkurkúr (260 holdakúr).¹⁸⁷ Greiðslur býlisstuðnings eru tengdar við ákveðna stærðarflokka eftir fjölda vetrarfóðraðra kinda skv. reglugerð 144/2022, en framleiðandi verður að vera með 100 vetrarfóðraðar kindur að lágmarki til að eiga rétt á þeim.¹⁸⁸

Þá má nefna ýmis önnur ákvæði sem tengjast þaki á stuðningsgreiðslur á Íslandi. Hámark er á nýliðunarstuðning sem veittur er til fjárfestinga í búrekstri, þar sem stuðningur getur að hámarki náð 20% af heildarfjárfestingakostnaði á ári og þá mega framlög til einstakra nýliða ekki fara yfir 9 milljónir í heildina.¹⁸⁹ Hámarksframlög til framleiðenda vegna aðlögunar að lífrænni ræktun skal ekki fara yfir 70% árlegs aðlögunarkostnaðar.¹⁹⁰ Fjárfestingastuðningur í svínarækt getur numið allt að 40% af stofnkostnaði fyrir hvern framleiðanda ef heildarfjárfesting fer yfir 1 milljón króna. Stuðningurinn skiptist hlutfallslega milli samþykktra umsókna, og miðast hámarksstuðningur við meðalfjölda gyltna¹⁹¹.

Í sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB eru ekki bindandi ákvæði um skerðingu eða þak á greiðslum til einstakra aðila, heldur er um að ræða heimildarákvæði. Þannig mega lönd skerða greiðslur umfram 60.000 € (9 millj. ISK) til einstakra bóa með allt að 85% og einnig er heimilt að setja þak á greiðslur umfram 100.000 €¹⁹² (15 millj. ISK). Tæpur helmingur aðildarríkja hefur valið að nýta sér þessi ákvæði.

9.8 Fæðuöryggi

Tilvísanir til fæðuöryggis er að finna í landbúnaðarstefnum allra þeirra þjóða sem hér hefur verið fjallað um. Þetta á jafnt við um sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB, stefnumörkun einstakra þjóða og jafnvel svæða innan landa.¹⁹³ Algengt er að sett hafi verið upp sérstök kerfi til að halda utan um breytingar í þeim þáttum sem mestu skipta fyrir fæðuöryggi.

Þannig heldur ESB úti svokölluðu „Mælaborði fyrir framboð matvæla og öryggi“.¹⁹⁴ Mælaborðið er ein af þeim aðgerðum sem gert er ráð fyrir í *Viðbragðsáætlun til að tryggja fæðuframboð og fæðuöryggi á hættutímum*¹⁹⁵ til að auðvelda ESB að bregðast við bæði skammtíma og langtíma ógnum sem stuðla að matvælaframboði.

Í Bretlandi eru ákvæði í landbúnaðarlöggjöfinni (Agricultural Act 2020¹⁹⁶) sem kveða á um að minnst þriðja hvert ár skuli lögð fyrir breska þingið skýrsla með tölfræðigreiningum á fæðuöryggi í Bretlandi.

¹⁸³ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við garðyrkju.

¹⁸⁴ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016“; Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við garðyrkju.

¹⁸⁵ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016“.

¹⁸⁶ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁸⁷ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning í nautgriparækt.

¹⁸⁸ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.

¹⁸⁹ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað.

¹⁹⁰ Matvælaráðuneytið.

¹⁹¹ Matvælaráðuneytið.

¹⁹² European Commission, „Proposed CAP Strategic Plans and Commission observations: Summary overview for 27 Member States“.

¹⁹³ Länsstyrelsen Jämtlands län, „Livsmedelsstrategi“.

¹⁹⁴ European Commission, „Food supply and security“.

¹⁹⁵ European Commission, Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions: Contingency plan for ensuring food supply and food security in times of crisis.

¹⁹⁶ UK Public General Acts, Agriculture Act .

Hér er ekki einungis átt við hlutfall innlendar framleiðslu, heldur einnig framboð á alþjóðamörkuðum, stöðu innlendra og alþjóðlegra virðisbætur og fleiri þátta.

Þá er algengt að Hagstofur einstakra ríkja haldi utan um gögn um hlutfall innlendar framleiðslu og neyslu einstakra vörflokka, sem er ákveðin grunnstærð í umræðu um fæðuöryggi.

Á Íslandi hafa nýlega komið út tvær umfangsmiklar greinargerðir tengdar fæðuöryggi landsins. Annars vegar skýrslan „Fæðuöryggi á Íslandi“ frá árinu 2021¹⁹⁷ og hins vegar „Tillögur og greinargerð um aðgerðir til að auka fæðuöryggi Íslands“ frá árinu 2022.¹⁹⁸ Einnig er fjallað um mikilvægi fæðuöryggis í „Matvælastefnu Íslands til 2040“.¹⁹⁹ Þá er á *Mælaborði landbúnaðarins* fylgst með framleiðslu, innflutningi og sölu á öllum helstu búvörum.

Það vantar því ekki gögn eða tillögur, en samhengi einstakra þátta fæðuöryggis og þess hvernig landbúnaðarstefnan er framkvæmd er ekki alltaf nægjanlega skýrt. Þá hefur umræða um fæðuöryggi oft verið takmörkuð við einstaka vörflokka landbúnaðarframleiðslunnar (t.d. einstakar kjötttegundir) án þess tekið sé tillit til gríðarlegrar fiskframleiðslu (bæði veiðar og eldi).

Mikilvægt er því að hið opinbera setji sér skýr og mælanleg markmið um einstaka þætti fæðuöryggis og beiti landbúnaðarstuðningi og tollvernd með markvissum hætti til að vinna að því að þessi markmið náist. Hér gæti tillaga um vakthóp um fæðuöryggi²⁰⁰ sem hefði það hlutverk að vakta og upplýsa stjórnvöld um stöðu mála verið gott fyrsta skref. Í því samhengi væri gagnlegt að horfa til þeirra breytinga á neyslumynstri matvæla sem hefur verið að eiga sér stað í nágrannalöndum.

10 Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að gefa almennt yfirlit um landbúnaðarframleiðslu á Íslandi og íslenska stuðningskerfið, ásamt greinargóðri lýsingu á stuðningskerfum landbúnaðar í Austurríki, Bretlandi (Englandi og Skotlandi), Finnlandi, Kanada (Nýfundnalandi), Noregi og Svíþjóð.

Þessi samanburður leiðir í ljós ýmis konar sérstöðu íslenska stuðningskerfisins:

1. Kerfið byggir á fjórum „samningum“ samtaka bænda og ríkis, ásamt nokkrum öðrum styrkjaleiðum og fyrirgreiðslu. Tengingar við gildandi stefnumarkningar eru óljósar. Sambærilegt fyrirkomulag finnst ekki í samanburðarríkjunum (í Noregi er samningsfyrirkomulag en þar er einn heildarsamningur).
2. Búgreinatenging er mjög mikil en fleiri innlendar og erlendar skýrslur hafa bent á að búgreinatenging drægi úr sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Ekkert samanburðarríkjanna er með eins umfangsmikla búgreinatengingu.
3. Framseljanlegt greiðslumark í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu dregur úr skilvirkni stuðningsgreiðslna og torveldar nýliðun. Sambærilegt fyrirkomulag finnst ekki í samanburðarríkjunum.
4. Opinber verðlagning á mjólkurvörum á heildsölustigi þekkist ekki í samanburðarríkjunum. Opinber lágmarksverð á afurðaverði til bænda þekkjast í Noregi og Kanada en hafa ekki leitt til sambærilegs munar á innanlandsverði og heimsmarkaðsverði og á Íslandi.
5. Fjárfestingar- og nýliðastuðningur er takmarkaður, sem er sérstaklega bagalegt þar sem búfjárhald á Íslandi krefst mikilla fjárfestinga og vaxtastig er hátt. Ekkert samanburðarríkjanna er með eins lágt hlutfall stuðningsgreiðslna eyrnamerkt fjárfestingar- og nýliðastuðningi (ekki liggja þó fyrir samanburðargögn frá Kanada).
6. Svæðistengdar greiðslur eru mjög takmarkaðar, gilda eingöngu fyrir sauðfjárrækt og taka einungis mið af fjarlægð búa frá þéttbýli. Öll samanburðarlöndin eru með mun umfangsmeiri

¹⁹⁷ Sturludóttir o.fl., *Fæðuöryggi á Íslandi*.

¹⁹⁸ Landbúnaðarháskóli Íslands, „Tillögur og greinargerð um aðgerðir til að auka fæðuöryggi Íslands“.

¹⁹⁹ Svavarsdóttir, Þingsályktun um matvælastefnu til ársins 2040.

²⁰⁰ Stjórnarráðið, „Sprett úr spori: Skýrsla spretthóps vegna stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi“.

svæðatengingu: sértækar greiðslur, álag á beingreiðslur og annan stuðning, mismunun í álagi á afurðaverð (Noregur) og takmörkun á færslu kvóta milli svæða (Noregur, Kanada).

7. Umhverfistengdar greiðslur eru mjög takmarkaðar og verulegur hluti þeirra liggur utan samninganna fjögurra. Öll samanburðarríkin, nema Kanada, hafa valið að greiða bændum fyrir landbætur, loftslagsaðgerðir og margvíslegar aðgerðir er stuðla að verndun og viðhaldi lands- og vatnsgæða.

Til viðbótar ofangreindum atriðum sem snúa að samanburði á íslenska stuðningskerfinu við stuðningskerfi annarra ríkja, þá vilja skýrsluhöfundar benda á eftirfarandi:

1. Meðalnýt íslenskra kúa er afar lág í alþjóðlegu samhengi og munurinn heldur áfram að aukast, nema gripið verði til aðgerða sem tryggja að erfðaframarir héraendis fylgi því sem gerist í nágrannalöndunum.
2. Til viðbótar við þá möguleika sem felast í kynbótum á íslenska kúastofninum, má ætla að útfösun greiðslumarkskerfisins (og þar með opinberri verðlagningu á mjólk) geti falið í sér umtalsverða möguleika á hagræðingu fyrir greinina.
3. Sauðfé hefur fækkað hratt undanfarin ár. Ekki er auðvelt að sjá hvernig hægt er að snúa þeirri þróun við: Afurðaverð er (of) lágt miðað við önnur Evrópulönd, og útflutningur hefur ekki gefið viðunandi skilaverð.
4. Fyrirkomulag tollverndar virðist ekki vera með beinum hætti tengt við aðra hluta stuðningskerfisins. Hlutverk og umfang tollverndar er mjög breytilegt eftir búgreinum og hefur leitt til mjög hás vöruverðs á ákveðnum vöruflokkum, sérstaklega afurðum alifugla.
5. Þrátt fyrir góða greiningarvinnu á fæðuöryggi á Íslandi er ekki augljóst hvernig landbúnaðarkerfið stuðlar að auknu fæðuöryggi. Hér skortir skýrari forgangsöröðun aðgerða t.d. hvað varðar neyðarbirgðir á fóðri, lyfjum og olíu, markmiðssetningu tengda framleiðslu á kolvetnum/sterkju, stefnumörkun varðandi þrautavarasamninga við valin nágrannaríki, og að tekið sé tillit til umfangsmikilla fiskveiða og -eldis.
6. Töluverð tækifæri virðast fólgin í að auka framleiðslu á ýmsum tegundum grænmetis, og fóðurjurtu, með markvissum stuðningi við lykilþætti í framleiðslu og virðisbætur.

Að lokum vilja skýrsluhöfundar leggja til að við komandi endurskoðun landbúnaðarstuðningskerfisins á Íslandi verði eftirfarandi haft til hliðsjónar:

1. Að í stað fjögurra samninga verði allur landbúnaðarstuðningur skilgreindur með heildstæðum hætti í lögum og reglugerðum og að samráð við hagsmunaaðila verði tryggt með öðrum hætti en lokuðum samningsfundum.
2. Að meirihluti landbúnaðarstuðnings verði ekki bundinn við framleiðslu á einstökum landbúnaðarafurðum.
3. Að stór hluti landbúnaðarstuðnings verði tengdur skilgreindum aðgerðum sem stuðla að uppfyllingu stefnumörkunar stjórnvalda á sviði land- og vatnsverndar og loftslagsmála.
4. Að fjárfestingar-, nýsköpunar- og nýliðastuðningur verði stóraukinn.
5. Að horfið verði frá opinberum afskiptum af verðlagningu mjólkur og mjólkurafurða.
6. Að mótuð verði skýr stefna um hvernig tollvernd tengist öðrum landbúnaðarstuðningi, bæði hvað varðar umfang og upphæðir.
7. Að ráðist verði í greiningarvinnu til að leggja mat á fýsileika svæðisbundinna stuðningsgreiðslna, bæði hvað varðar grundvöll svæðaskiptingar og stuðningsfyrirkomulags.
8. Að mótuð verði skýr stefna um hvernig stuðningskerfi landbúnaðarins geti stuðlað að fæðuöryggi landsins, og að sett verði upp reglubundið mat á þróun fæðuöryggis.
9. Að rammi um fyrirkomulag stuðnings gildi í fimm til tíu ár, með skilgreindum vörðum fyrir árangursmat og endurskoðun einstakra stuðningsleiða.

Heimildir

- Agriculture and Agri-Food Canada. „Newfoundland and Labrador’s Agriculture Industry“, 2014. https://publications.gc.ca/collections/collection_2016/aac-aafc/A22-12230-2014-eng.pdf.
- Alhainen, Sari. „Ayrshirerodun historiaa“. Finnish Ayrshire Breeders ry. Sótt 12. febrúar 2024. <https://www.ayrshire-finland.com/yhdistys/ayrshirerodun-historiaa/>.
- Alþingi. Búnaðarlög, Pub. L. No. 70 (1998). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998070.html>.
- . Búvörulög, Pub. L. No. 99 (1993). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993099.html>.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. „Landbúnaðarstefnan Ræktum Ísland!“, 2021. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/Raektum_Island_WEB_Sidur%20\(002\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/Raektum_Island_WEB_Sidur%20(002).pdf).
- . „Matarauðlindin Ísland: Matvælastefna Íslands til ársins 2030“. Reykjavík, 2020. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/KThJ/Matv%c3%a6lastefna_v17.pdf.
- Beam, David R., og Timothy J. Conlan. „Grants“. Í *The Tools of Government: A Guide to New Governance*, ritstýrt af Lester S. Salamon. Oxford: Oxford University Press, 2002.
- Björnsson, Halldór, Anna Hulda Ólafsdóttir, Bjarni Diðrik Sigurðsson, Borgný Katrínardóttir, Brynhildur Davíðsdóttir, Gígja Gunnarsdóttir, Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir, o.fl. *Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi. Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. Veðurstofa Íslands, 2023. https://cdn.loftslagsbreytingar.is/pdf/2023/10/skyrsla_visindanefndar.pdf.
- BORD BIA Irish Food Board. „Sheep Trade & Prices: Deadweight Lamb Prices (€/kg dw)“. <https://www.bordbia.ie/farmers-growers/prices-markets/sheep-trade-prices/deadweight-lamb-prices/>, 2024.
- Bro, Dorte Stenbæk, og Soren Tobberup Hansen. „Opgørelse: Her er landets 10 største slagtesvineproducenter“. *Landsbrugsavisen*, 5. apríl 2020.
- Byggðastofnun. „Græn lán“. byggdastofnun.is. Sótt 25. janúar 2024. <https://www.byggdastofnun.is/is/fjarmognun-verkefna/lan/lansumsokn/graen-lan>.
- . „Lán vegna jarðakaupa eða kynslóðaskipta í landbúnaði“. Sótt 25. janúar 2024. <https://www.byggdastofnun.is/is/fjarmognun-verkefna/lan/lansumsokn/lan-vegna-jardakaupa-eda-kynslodaskipta-i-landbunadi>.
- . „Samantekt um stöðu sauðfjárræktar“, 2022. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Vorfundur/samantekt-um-saudfjarrækt-ad-beidni-innvidaraduneytisins.pdf>.
- Davies, Isabel. „Farmers’ lump-sum exit scheme application figures released“. *Farmers Weekly*, 1. nóvember 2022. <https://www.fwi.co.uk/business/farmers-lump-sum-exit-scheme-application-figures-released#:~:text=A%20total%20of%20%2C706%20farmers,September%202022%2C%20Defra%20has%20revealed>.
- Department for Environment Food and Rural Affairs. „National statistics Chapter 2: Structure of industry“. <https://www.gov.uk/government/statistics/agricu>, 6. nóvember 2023. <https://www.gov.uk/government/statistics/agriculture-in-the-united-kingdom-2022/chapter-2-structure-of-industry>.

- . „National statistics Chapter 8: Livestock“, 6. nóvember 2023. <https://www.gov.uk/government/statistics/agriculture-in-the-united-kingdom-2022/chapter-8-livestock#:~:text=Total%20meat%20production%20in%202022,1.9%25%20decrease%20in%20poultry%20production.>
